

V/1.3

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir		Mál nr.
Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi		006-2002-0086
Staður og stund:		
Reykjavík, 10.02.2003		
Sakarefni:	Ætluð brot á ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl., bókhaldslaga, laga um ársreikninga ofl.	
Sakborningur/grunaður:	Kennitala:	
Tryggvi Jónsson	140755-2739	
Starf/staða:	Vinnusími:	
Forstjóri Heklu hf.	590-5500	
Lögheimili:	Sími:	
Vesturhúsum 22, 112 Reykjavík	691-8888	
Dvalarstaður:	Sími:	

Tryggvi er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun. Honum er kynnt að til standi að yfirheyra hann um þann þátt þessarar rannsóknar sem snýr að útgáfu, meðferð og færslum kreditreikninga frá Nordica Inc og SMS í Færeyjum, sem dags. eru 30.06. 2001 í bókhaldi Baugs Group hf. Með Tryggva er mættur Jón Sigurðsson, hdl. en skipaður verjandi Tryggva, Andri Árnason, hrl., er forfallaður.

Tryggva er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sakarefni sem að honum snýr en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Tryggva er kynnt að yfirheyrslan verði hljóðrituð en hann síðan boðaður til að yfirfara endurrit og undirrita það þegar það liggur fyrir eftir nokkra daga. Þá geti hann borið endurritið saman við hljóðupptökuna.

Stjórnandi yfirheyrslunnar er Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn en honum til aðstoðar eru Sveinn Ingiberg Magnússon og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúar.

Hljóðupptaka hefst kl. 14:40.

Kl. 15:14 er gert hlé á meðan Tryggvi kynnir sér gögn í málinu.  
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 15:15.

Kl. 15:29 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 1 (hlið B).  
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 15:30.

Kl. 15:45 er gert hlé á meðan Tryggvi kynnir sér gögn í málinu.  
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 15:49.

Kl. 16:00 er gert hlé á meðan skipt er um spólu og geisladiska.  
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 16:06.

Kl. 16:52 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 2 (hlið B).  
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 16:57.

Kl. 17:25 lýkur hljóðupptöku.

S. Magnússon

06379

Upplesið staðfest rétt:

*Ruggvi Jónsson*

Viðstaddir yfirheyrsluna:

Skýrsluna skráði:

*Erna Björg Jónsson.*

<sup>1</sup>  
*for lýnd all.*

*G. Mag.*

*Anna Jónsson*

V/1.3.1

10. febrúar kl. 14:40, hér er mættur Tryggvi Jónsson sem að kemur hingað samkvæmt boðun. Hann hefur réttarstöðu sakbornings og það er búið að skýra út fyrir honum þau ákvæði, þau réttarfarsákvæði sem gilda um stöðu hans hér og sömuleiðis búið að skýra út fyrir honum sakarefni og það er bókað í sérstaka skýrslu um framkvæmd yfirheyrslunnar sem verður undirrituð í lok hennar. Með honum er Jón Sigurðsson hdl. sem kemur sem fulltrúi verjanda hans, Andra Árnasonar. Einnig eru viðstödd Sveinn Ingiberg Magnússon lögreglufulltrúi sem tekur þátt í yfirheyrslunni og Erna Björg Jónmundsdóttir lögreglufulltrúi, sem sér um upptökuna.

**Arnar Jensson spyr:**

- AJ. Ég ætla að biðja þig Tryggvi að rifa upp það sem þú hefur áður sagt varðandi þetta efni. Það sem þú munt verða yfirheyrður um núna er kreditreikningar sem fram hafa komið og verið færðir í bókhaldi Baugs. Meðferð, færslur og aðdragandi og allt sem við getum upplýst varðandi þessar færslur og þau viðskipti sem voru bak við þær. Ef við tökum smástund í að rifja upp fyrri skýrslur, þá komstu hér 28. ágúst og gafst skýrslu sem er merkt skjalanúmerinu V/1.1., en sú seinni er 29. ágúst, V/1.2. og þær liggja hérna frammi þessar skýrslur. Í fyrri skýrslunni á blaðsíðu 3 greinirðu frá því að í framhaldi af reglum um merkingar vara á evrópsku efnahagssvæðinu sem að hafði tekið gildi hér á Íslandi árið 1999, hafi aukist kostnaður hjá Nordica og þá fyrst orðið tap á viðskiptum Nordica við Baug og undirfyrirtæki Baugs. Þú varst á þessum tíma aðstoðarforstjóri Baugs og segist hafa átt fundi með Jóni Gerald Sullenberger vegna þessarar þróunnar og þú hafi síðan lagt til við Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóra að Nordica væru greiddir 8.000 dollarar á mánuði upp í þetta tap. Jón Ásgeir hafi samþykkt það og þá hefjist mánaðarlegar greiðslur Baugs til Nordica. Er þetta ekki rétt eftir haft?
- TJ. Jú, sjálfsagt er þetta rétt eftir haft, en þessir 8.000 dollarar eru tilkomnir vegna rekstrarerfiðleika þarna, en ekki beint til að greiða upp í tapið, heldur til að taka þátt í rekstrarkostnaðinum þarna, rekstrinum.
- AJ. Já, vegna erfiðleika við reksturinn.
- TJ. Já.
- AJ. Síðan segirðu í sömu skýrslu að í maí 2000, þetta er nú bara svona til að hlaupa yfir og setja þig betur inn í og rifja upp með þér það sem þú hefur áður sagt. Í maí 2000 hafir þú átt fund með Jóni Gerald Sullenberger þar sem að

Þið yfirfóruð uppgjör Nordica fyrir árið 1999 og þú þá séð að hallinn Nordica var mikill. Í framhaldi af því hafi Baugur greitt 50.000 dollara til að mæta þessum hallarekstri Nordica auk þess sem mánaðaðgreiðslurnar voru hækkaðar upp í 12.000 dollara. Auk þess segirðu að þér hafi verið ljóst að staða Nordica var svo slæm að Jón Gerald hafi verið hvattur til að selja sinn hlut í báti sem hann átti í sameiningu við Jón Ásgeir og Jóhannes föður hans. Kannastu við þetta?

TJ. Já.

AJ. Síðan greinirðu frá því að þú og Jón Ásgeir hafi átt fund með Jóni Gerald Sullenberger í janúar 2001 til þess að yfirfara viðskipti Nordica og Baugs og undirfyrirtækja þar sem ykkur hafi orðið ljóst að tapið var enn að aukast hjá Nordica. Þá hafi verið samþykkt að Baugur mundi greiða Nordica 80.000 dollara vegna tapsins og enn segistu hafa hvatt Jón Gerald til þess að selja sinn hlut í bátnum til Jóns Ásgeirs og Jóhannesar til að létta á fjárhagsstöðu hans og reyndar hvatt hann á öllum fundum með honum til þess að selja sinn hlut í bátum til þess að létta á fjárhagsstöðunni. Er þetta rétt?

TJ. Hm, hm.

AJ. Síðan lýsir þú því á blaðsíðu 4 í þessari fyrri skýrslu að snemma árs 2002, hafi eins og bein tilvitnun í skýrsluna: "Starfsmenn Baugs sem bera ábyrgð á innflutningi á vörum til Íslands ráðlagt Jóni Gerald að loka vöruhúsinu þar sem rekstur gengi einfaldlega ekki upp." Og þú hafir fengið þau svör hjá Jóni Gerald að hann ætlaði ekki að gera það og þá hafir þú gert Jóni Gerald grein fyrir því að Baugur gæti ekki ábyrgst rekstur vöruhússins lengur og boðið Jón Gerald að ljúka viðskiptum við Nordica með greiðslu peninga og greiða þannig það tap sem að Nordica hafði orðið fyrir vegna rekstur umrædds vöruhúss. Þú segist hafa boðist til þess að greiða Nordica 400.000 dollara í heildina sem fyrri beinar greiðslur, það er að segja, 50.000 dollara og 80.000 dollarar mundu dragast frá. Í framhaldi af þessu hafi Baugur síðan...

TJ. Og 120.000 sem að komu...

AJ. Já, í framhaldinu...

TJ. Já.

AJ. Í beinu framhaldi eins og þú greinir frá þessu, þá er þarna í maí 2002, þá er borgun 120.000 dollara...

TJ. Það er borgað fyrir.

- AJ. Það borgað fyrir?
- TJ. Það er borgað líklega í mars mundi ég halda.
- AJ. Okey, við höfum gögn um það.
- TJ. Já, já, það liggur alveg fyrir.
- AJ. Við þetta bætast sem sagt þessir 120.000 upp í þessi 400.000 þúsund, eins og þú greindir frá þessu og afgangurinn sem var þá 150.000 dollarar hafi átt að greiða þegar Jón Gerald gengi frá slitum á viðskiptum Nordica og Baugs. Og enn segistu hafa boðið Jóni Gerald að Jón Ásgeir og Jóhannes mundu kaupa hans hlut í bátnum. Þetta er ennþá rétt. Þetta eru upprifjanir frá fyrri skýrslu.
- TJ. Segðu þetta aftur þetta síðasta.
- AJ. Að þú hafir enn og aftur boðið honum það að þú myndir beita þér fyrir því að Jón Ásgeir og Jóhannes mundu kaupa hans hlut í bátnum.
- TJ. Já, ég hafi hvatt hann til þess.
- AJ. Eða hvatt hann til þess já. Í þessari sömu yfirheyrslu var þér sýnt skjal úr málinu sem er II/6.1., sem er ljósrit tölvupóstsútprentun sem að fjallar um texta kreditreiknings Nordica, sem er dagsettur 30.6.01. að fjárhæð 589.890 dollarar, en þennan tölvupóst afhenti Jón Gerald Sullenberger til lögreglunnar. Um þetta segirðu orðrétt á blaðsíðu 11 í þessari skýrslu sem ég er enn að vitna í: "Tryggvi kveðst ekki getað gert grein fyrir þessum tölvupósti. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa átt þessi samskipti við hann. Tryggvi kveðst ekki vita um hvað sé verið að fjalla í þessum tölvupósti og efnislega hafi þessi tölvupóstur ekkert með Baug hf. að gera né Aðföng. Þannig fullyrðir Tryggvi að ekkert tengt þessu tölvupósti sé að finna í bókhaldi Baugs hf." Er þetta rétt?
- TJ. Þarna kemur dálítið stórt atriði fyrir. Það er það að á þessum tíma af því að þú nefndir að þetta væri tengt kreditreikningi. Á þessum tíma, þá var mér aldrei sagt frá því að þetta væri kreditreikningur, heldur alltaf sagt eða talað um þetta sem debetreikning og síðan var ég spurður um það að þetta væri í tengslum við debetreikning og ég var eingöngu með hugann við það. Ég var ekkert að kveikja á því að þetta væri kreditreikningur, þannig að það er ástæðan fyrir því.
- AJ. Það er skýringin á því. Ef við vitnum þá í seinni skýrsluna sem er tekin af þér daginn eftir, 29. ágúst, hún er þarna V/1.2. Þá segirðu eftirfarandi um þennan kreditreikning og það er orðrétt tilvitnun: "Tryggvi er spurður hvort hann hafi

haft vitneskju um reikning Nordica vegna Baugs að fjárhæð 589.890. Hann segist endurtaka það sem hann sagði í síðustu yfirheyrslu að hann hafi aldrei séð eða heyrt um þennan reikning. Fyrir Tryggva er þá lagt ljósrit af reikningi útgefnum af Nordica, dagsett 30. ágúst 2001 númer 197 að fjárhæð 589.890. Reikningurinn virðist vera kreditreikningur vegna rýrnunar og skemmda á vörukaupum Aðfanga. Tryggvi er spurður hvort verið geti að þessi reikningur hefði verið í bókhaldi Baugs. Hann segist ekkert kannast við þennan reikning og aldrei hafa séð hann eða heyrt. Hann segir fjárhæð reikningsins það háa að honum hafi örugglega verið kunnugt um hann ef hann hefur verið sendur Baugi og gjaldfærst í bókhald þess félags. Tryggvi er þá spurður hvort eins sé með reikninga sem á að tekjufæra. Hann segir að hafi þessi reikningur borist honum hefði hann farið til lækkunar á vörukaupum í bókhaldi Aðfanga eða samstæðu í uppgjöri Baugs. Hann segir engar reglur gilda innan fyrirtækis Baugs um utanaðkomandi tekjureikninga þar sem Baugi berist fáir slíkir reikningar. Í ljósi þess að reikningurinn ber með sér að vera vegna rýrnunar og skemmda varðandi vörukaup, er Tryggvi spurður hvort Baugur hafi komið nálægt vörukaupum og hvort reikningar Nordica vegna vörukaupa hafi áður borist Baugi. Tryggvi segir að Baugur hafi aldrei séð um vörukaup og reikningar vegna þeirra hafi aldrei borist Baugi og aldrei verið færðir í bókhaldi Baugs, heldur þess undirfyrirtækis sem var að kaupa vöruna inn, í þessu tilviki Aðfanga." Þetta er bein tilvitnun í þig þarna og þarna er náttúrulega verið að tala um eitthvað meira heldur en debetreikning.

TJ. Já.

AJ. Hvað segirðu, nú er ég búinn að rekja þetta úr þessum tveimur skýrslum þar sem fjallað var um þennan tiltekna reikning frá Nordica?

TJ. Já, ég skal segja þér það að á þessum tímapunkti þegar þið eruð að spyrja mig um þetta, þá segið þið mér aldrei frá því að kreditreikning sé að ræða. Þó að það standi þarna núna, er ég að... þetta virðist vera kreditreikningur, þá kom það ekki fram fyrr en að Andri benti á það og þá sögðuð þið "jú, við vorum búnir að taka eftir þessu, en við ætluðum að segja frá því á eftir." Þess vegna var hugurinn þegar ég var að svara þessu, þá var ég bara að hugsa um gjaldfærslu vegna þess að það var alltaf verið að tala um gjaldfærslu, peningar upp á 600.000 dollara og það var það sem ég var að fókusera á. Svo þegar það kemur umsögn um að þetta sé kreditreikningur, þá snýst dæmið við.

- AJ. Nú var reikningurinn lagður fyrir þig.
- TJ. Já, en... reikningurinn lagður fyrir mig, en ég sé ekki að þetta er kreditreikningur fyrr en... Hann er lagður fyrir mig og þá snýr Andri sér að honum og hann tekur reikninginn upp og fer að skoða hann og segir: "Heyrðu er þetta ekki kreditreikningur" og lagði það til baka til ykkar.
- AJ. Þetta er bara nákvæmlega eins og þessu var lýst hér og undir þetta rita bæði þú og verjandi þinn.
- TJ. Já, já.
- AJ. Reikningurinn sjálfur og eyðublaðið var lagt fyrir þig til þess að skoða og þú átt að þekkja hverskonar reikningur það er.
- TJ. Já, já, um leið og ég sé að þetta er kreditreikningur já.
- AJ. Við tökum það hreinlega fram í textanum hérna.
- TJ. Já, en þið segið "það sem virðist vera kreditreikningur." Það kemur ekkert fram fyrr en eftir á, ekki fyrr en reikningurinn er lagður fram og það er Andri sem bendir á það.
- AJ. Þú ert að tjá þig í beinu framhaldi af því að þér er kynntur reikningurinn og þetta er tilgreint. Þetta segir sig bara alveg sjálft.
- TJ. Þetta er tilgreint af Andra já.
- AJ. Nei, það erum við sem kynnum þér reikninginn. Við spyrjum þig beint um kreditreikning.
- TJ. Nei.
- AJ. Það kemur hérna fram í skýrslunni.
- TJ. Já, það er Andri sem bendir á það og þið getið spurt hann um það.
- AJ. Okkur var að sjálfsögðu ljóst að þetta var kreditreikningur...
- TJ. Þið komuð ekki fram með það fyrr en eftir að hann benti á það og þá sögðust þið ætla að gera grein fyrir því eftir á.
- AJ. Það stendur hérna og haft eftir í skýrslunni: "Reikningurinn virðist vera kreditreikningur vegna rýrnunar og skemmda varðandi vörukaupa Aðfanga.
- TJ. Já, þarna er ég búinn að vera hjá ykkur í sólarhring. Það getur vel verið að ég hafi ekki lesið nákvæmlega yfir eða Andri ekki tekið eftir þessu, enda er þetta ekkert "issue."
- AJ. Bíddu, við skulum aðeins stoppa hérna við. Þér var kynnt þetta svona eins og þetta lítur út og skýrslan er bara eins og hún var. Það er búið að kynna þér það að þetta sé kreditreikningur, það er búið að nefna það bæði í orðum í

skýrslunni og kynna þér sjálf skjalið þegar þú tjáir þig eins og bókað er eftir þér. Þú svarar þessu í beinu framhaldi af því.

TJ. Okey.

AJ. Þannig að spurningin er núna hvort að þú vilt breyta því sem þú hefur áður sagt eða bæta einhverju við það eða er þetta rétt sem að þarna stendur eða ekki?

TJ. Það sem að... Ég bara eins og ég segi, ég hef þetta ekki fyrir framan mig, en þannig er það með kreditreikninga eins og þarna kemur fram að þeir eru almennt færðir hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Það eru tvær, fyrst og fremst tvær undantekningar á því og það er væntanlega umræðuefnið sem við erum með hér.

Jón Sigurðsson hdl. Viltu fá tíma til að yfirfara skýrsluna?

TJ. Nei, ég held ekki, ekki á þessu stigi.

AJ. Hverju viltu breyta af því sem að hér stendur?

TJ. Mér finnst bara að það þurfi að koma fram að það er ekki þið sem gerið mér grein fyrir því að þetta er kreditreikningur. Ég er alltaf að tala um debet-reikning þangað til að Andri bendir á þetta í lokin og þá er allt í einu... Þá er ég búinn að vera að tala og tjá mig um málið þegar að allt í einu í miðri umræðunni þá er sagt "heyrðu þetta er kreditreikningur, ekki debetreikningur." Þá svaraði ég einhvern veginn þannig "þá horfir málið öðruvísi við" eða eitthvað slíkt.

AJ. Ertu að segja að þetta sé rangt sem bókað var eftir þér þá eða?

TJ. Þetta er kannski ekkert rangt, en það þarf að skoða það í því samhengi. Það er það sem ég er að segja.

AJ. Var þér ekki ljóst þegar þú svaraðir þessu svona að þetta væri kreditreikningur sem við værum að spyrja þig um?

TJ. Ég er byrjaður að svara spurningunni áður en mér er sýndur reikningurinn. Ég er fyrst spurður um það... þú spyrð mig fyrst aftur um þennan reikning.

AJ. Já og sýndi þér skjalið.

TJ. Já og þá segi ég, ég man ekki eftir að ég hefði tekið eftir því að það væri gjald... Nei, þú sýndir mér ekki skjalið strax, þú spyrð mig fyrst og þá sagði ég að ég mundi vita það, ég hefði tekið eftir því ef það hefði verið gjaldfærður þarna slíkur reikningur og þá í framhaldi af því er mér sýnt skjalið. Þá er ég búinn að svara um gjaldfærð vegna þess að það...



- AJ. Já, þetta kemur allt saman hérna.
- TJ. Já, en það segir samt í aðdragandanum hjá þér að þá stendur að það gæti hugsanlega verið um kreditreikning að ræða.
- AJ. Já.
- TJ. Já, en það kom ekki fram í aðdragandanum þegar þú varst að spyrja mig á þeim tímapunkti og þess vegna svaraði ég "gjaldfærður." Það er punkturinn sem ég er með skilurðu.
- AJ. Þú sást skjalið?
- TJ. Já, sá síðan skjalið í miðri spurningunni eða miðju svarinu já.
- AJ. Sem er reikningur stílaður á Baug?
- TJ. Já.
- Sveinn Ingiberg: Það hefur ekki leynt sér í gögnum málsins að þú hefur verið að skrifa upp á reikninga frá Nordica, sem stafa frá Nordica, ekki rétt?
- TJ. Já.
- SI. Hversu oft voru að koma reikningar frá Nordica upp á 589.890 dollara og ef svo er hvort það hafi farið í gegnum þig og hvort að þú hafir ekki vitað það hverslags reikningur þetta var eða hvernig hann var færður í bókhaldið?
- TJ. Sá reikningur hefur aldrei komið gjaldfærður, það hefur aldrei komið debetreikningur upp á slíka fjárhæð. Það hefur komið einu sinni kreditreikningur og hann kom einu sinni fyrir og ég hafði aðkomu að þeim reikningi í einn eða tvo klukkutíma og þegar ég er síðan spurður um gjaldfærslu á reikningum, þá kveiki ég ekkert á þessu samhengi þarna á milli vegna þess að ég er alltaf að fara í huganum yfir hvað er búið að gjaldfæra.
- SI. Þú kveiktir ekki heldur þegar við vorum að bera undir þig tölvupóstsamskipti þín og Jóns Gerald varðandi að þessi reikningur væri til, þið eruð að skiptast á texta hvernig hann eigi að hljóma og hvernig hann er gjaldfærður á því af því að um sama reikningur um að ræða.
- AJ. Þar er ljóst að þar er verið að tala um kreditreikning, þið eruð að tala um það alveg skýrt.
- TJ. Ég man ekki hvernig pósturinn var...
- SI. Þá segirðu að þú kannist ekki við þessi samskipti og vitir ekkert um þetta.
- TJ. Ég er bara að fókusa alltaf á debetreikning. Í mínum huga, ég er alveg blokkeraður í því í einhverjum gjaldfærslum. Það er komið til mín og sagt "þú

stalst 600.000 dollurum eða tókst þátt í að stela 600.000 dollurum" og bara fyrirgefið mér ef ég skyldi hafa einblínt á þá hugsun.

AJ. Hver sagði þetta við þig segirðu?

TJ. Nei, okey, það var ekki sagt svona, heldur kem ég grunaður um fjárdrátt upp á 589.000 dollara, sem er sama og að segja að þú stalst.

AJ. Þú hefur aldrei verið sakaður um að hafa dregið þér 589.000 dollara.

TJ. Nei, ég hef verið sakaður, ég er grunaður um fjárdrátt sem skiptist annars vegar í tvennt. Það kemur fram á ákæruskjalinu eða kæruskjalinu annars vegar um þennan debetreikning upp á 589.000 dollara og hins vegar að hafa tekið þátt í eins og þú talaðir um umboðssvik út af einhverjum bátageiðslum. Ég er bara að fókusera á...

AJ. Þetta er bara rannsóknarefni...

TJ. Já, ég segi það, já, ég meina það, þannig að ég er bara... Eins og ég segi, þið verið að virða mér það til vorkunnar, ég bara fókuseraði á það hvað gæti þarna verið á ferðinni.

SI. En gastu þá ekki skýrt það ef þú hefur tekið við kreditreikningi upp á 589.890 dollara og vissir að þú hafir tekið við slíkum kreditreikningi, var þá ekki eðlilegast fyrir þig að upplýsa það og varpa ljósi á málið?

TJ. Sveinn, ég er búinn að vera hérna í tuttugu og þrjá tíma í umræðum meira og minna til klukkan fjögur um nóttina og svo aftur þarna, svo kem ég hérna aftur daginn eftir og það sem alltaf er verið að tala um við mig um debetreikning. Það er bara á síðasta klukkutímanum sem mér er bent á að þetta sé kreditreikningur og mér sýndur hann. Ég veit ekki hversu vanir þið eruð svona yfirheyrslum, ég er ekki vanur þeim þannig að ég kveiki ekki á þessu strax fyrr en þetta fer inn í þessa umræðu að þetta sé kreditreikningur, það er málið.

AJ. Tryggvi, í fyrri skýrslunni, þá er þér sýnd tölvupóstsamskipti um kreditreikning.

TJ. Já.

AJ. Já, um kreditreikning, það kemur skýrt fram í tölvupóstsamskiptum og það er verið að færa texta inn á kreditreikning.

TJ. En ég er ekki...

AJ. Þetta kemur allt fram í skýrslunni og gögnin liggja hérna frammi, þannig að þetta er alveg ljóst.

- TJ. Nei, þetta er ekki ljóst. Þið komið, sýnið mér þennan tölvupóst og eruð alltaf að tala um debetreikning. Ég er bara að blokkerast...
- AJ. Við höfum aldrei talað um debetreikning, bara reikning frá fyrirtækinu.
- TJ. Já, sem að... Það náttúrulega liggur í augum uppi ef að ég er grunaður um að taka þátt í einhverjum fjárdrætti út af slíkum reikningum...
- AJ. Þú varst aldrei grunaður um fjárdrátt og hefur aldrei verið tilkynnt þér að þú værir grunaður um fjárdrátt varðandi þennan tiltekna reikning.
- TJ. Það eru bara tvö atriði. Þú sagðir mér sjálfur í yfirheyrslunum að þetta væri spurningin um umboðssvik varðandi hérna bátareikningana, það væri spurningin um umboðssvik og þar að leiðandi er voðalega auðvelt að draga þá ályktun fyrst að ég er líka grunaður um hérna frádrátt og þá tengist það hinum reikningum, enda liggur það fyrir að það er það sem hann segir og hann svarar því síðan sjálfur hann Jón Gerald einhvern tímann að hann hafi haldið að þetta væri debetreikningur. Þannig er málið kynnt fyrir okkur. Ég bara blokkerast og er bara að hugsa um að hreinsa mitt nafn.
- AJ. Okey.
- TJ. En ég held að þessa umræður hérna, hún skiptir kannski ekki öllu máli. Ég held að við séum... við skulum bara halda áfram með málið, ég held að þetta sé ekki megin "issue."
- AJ. Nú ert þú endurskoðandi.
- TJ. Já.
- AJ. Og þú veist alveg hvað við erum að tala um þegar við erum að tala um kreditreikning og debetreikning.
- TJ. Já.
- AJ. Og þú ættir að gera þér grein fyrir því.
- TJ. Enda geri ég það þegar þú talar um debet og kredit, þá geri ég mér grein fyrir því.
- AJ. Já.
- TJ. En þið bara gerið það ekki fyrr en þarna síðasta klukkutímann.
- AJ. Við lögðum fyrir þig tölvupóstsamskiptin um þennan kreditreikning þar sem textinn er settur inn í.
- TJ. Já, ég hérna...
- AJ. Já, þetta er alveg skýrt til þín.
- TJ. Það stendur kredit þar?

- AJ. Það er orðað í skýrslunni sem þú skrifar undir áður en þú svarar að þar sé verið að tala um kreditreikning og svo gefur þú svar og þú skrifar undir þetta allt.
- TJ. Já, það er seinni daginn.
- AJ. Já.
- TJ. Já.
- AJ. Það er seinni daginn, það breyttist ekkert svarið þitt frá fyrri skýrslu í þeirri seinni. Spurningin er hvort að þú vilt breyta þessu núna?
- TJ. Nei, ég veit ekki hverju.
- AJ. Ha?
- TJ. Nei, ég vil bara að þetta sjónarmið komi fram.
- AJ. Já, það er komið skýrt fram.
- TJ. Já, já.
- Jón Sigurðsson hdl. Þú vilt ekki fá smá tíma til þess að fara yfir skýrsluna?
- TJ. Ég veit ekki hvort að það breyti nokkru.
- AJ. Við skulum hérna... Við ættum kannski að sýna þér þennan reikning aftur úr því að þetta er svona...
- TJ. Nei, það þarf ekki.
- AJ. Jú, við viljum endilega gera það.
- TJ. Ég hef séð hann áður.
- AJ. Þetta er skjal II/8.1.1.
- TJ. Hm, hm. "This is að kredit invoice."
- AJ. Já. Í hausnum að vísu er ekki skráð kredit invoice, heldur commercial invoice.
- TJ. Já.
- AJ. En í textanum er hann skírður sem kredit.
- TJ. Bara hérna neðst.
- AJ. Já.
- TJ. Það er "discount" að vísu í textanum.
- AJ. Hvað geturðu sagt okkur um tilurð þessa reiknings, hvernig varð hann til?
- TJ. Þessi reikningur var til á milli Jóns Geralds og Jóns Ásgeirs, þeir voru búnir að vera að ræða þetta í lengri tíma og ég held að það hafi nú komið fram á sínum tíma, þetta tengist því að í mörg ár hafði Jón Gerald haft þau vinnubrögð að fylla gáma af ýmsum vörum sem að síðan ekki seldust. Ég veit ekki hvenær Jón Ásgeir byrjaði þessar viðræður um þetta mál, þetta var alfarið á milli þeirra, ég kom bara þarna inn í þetta þegar að við vorum að ganga frá upp-

gjörinu. Hann kemur til landsins í tvo eða þrjá daga og það vantaði þetta fylgiskjal til þess að klára þetta og ég ýtti á eftir þessu við Jón Gerald og hann sendi mér þetta til baka því að þá voru þeir búnir að leysa málið.

AJ. Þú varst aðstoðarforstjóri á þessum tíma?

TJ. Já.

AJ. Hvað hafði, hvað fól það í sér þessi staða þín aðstoðarforstjóri?

TJ. Á þessum tímamarki, þá var ég fyrst og fremst erlendis út af Ameríkumálum og síðan mikið í Bretlandi út af Arca<sup>1</sup>ia.

AJ. Hvað með umsjón með fjárhagi og bókhaldið. Var það á þínum herðum?

TJ. Já, það er... Í skipuritunu er það sett þannig upp þegar að ég er ráðinn í þessa stöðu þannig að það er undir mér. En eins og oft vill verða, þá breytast hlutir í praxis vegna þess að maður er mikið fjarverandi.

AJ. Hver var þá í afleysingum, eða í þínum forföllum, hver hafði umsjón með bókhaldi og fjárreiðum?

TJ. Dags daglega var það fjármálastjórinn sem að gerði það. Þetta er hæft fólk, þetta er tiltölulega sjálfbjarga fólk. Ef það komu einhverjar spurningar upp, þá væntanlega spurðu þau mig að því og við fórum í gegnum þau mál.

AJ. Hvaða... á hverju byggðist þessi kreditreikningur?

TJ. Eins og ég sagði, þetta byggist á samningum sem að Jón Ásgeir nær við Jón Gerald eftir því sem Jón Ásgeir sagði mér eftir mjög langt þóf, einhver ár og sneri út af viðskiptum sem voru á milli, sérstaklega fyrri tíma þegar Bónus var stærsti viðskiptavinurinn og var svona einhver tala sem þeir komust að niðurstöðu um. Jón Ásgeir held ég að hafi nú upphaflega ætlað að sjá þarna hærri tölu en þetta var einhver lausn sem að þeir leystu.

AJ. Eru til einhver gögn í fyrirtækinu sem að eru bakgögn á bak við þennan reikning?

TJ. Þá er það hjá Jóni Ásgeir, hann sá alfarið um þetta mál.

AJ. Nú náttúrulega byggjast svona hlutir á bókhaldi. Er eitthvað til í bókhaldi Baugs eða Aðfanga sem að gæti skýrt þennan kreditreikning?

TJ. Svona hlutir byggjast á bókhaldi segirðu. Þeir byggjast á upplýsingum hvernig svo sem hann hefur tekið utan um það eða haldið utan um það eða tekið það saman. Nákvæmlega hvernig og hvar, það bara þekki ég ekki. Þetta er mál sem var á milli þeirra og ég kom ekkert nálægt því að semja um þessa fjárhæð með einum eða neinum hætti.

- AJ. Nú hefur þú bæði með bókhald og fjárreiðu fyrirtækisins að gera.
- TJ. Já.
- AJ. Og við höfum leitað í bókhaldi Baugs og við höfum leitað í bókhaldi Aðfanga að skýringum á þessum kreditreikningi. Farið í gegnum birgðafærslunar og fjárhagsfærslunar og við finnum ekkert sem að getur skýrt út þennan reikning, þannig að okkur er ekki sjáanlegt að til séu gögn í bókhaldinu.
- TJ. Nei.
- AJ. Þarna kemur þá kreditreikningur og þá verð ég að spyrja þig sem umsjónarmann bókhalds og fjárreiða fyrirtækisins hvort að þú hafir gert athugasemdir eða beðið um skýringar eða eitthvað slíkt á þessu?
- TJ. Nei, hérna er smá misskilningur. Það vegna þess að ég er umsjónarmaður bókhalds og þegar það er verið að bókfæra þessa fjárhæð, þá kalla ég eftir reikningnum, það er þá mitt hlutverk að kalla á eftir reikningnum þannig að það sé fylgiskjal í bókhaldinu. Ég... hvernig hann... sjálfsagt er ekkert hægt að, eða ég veit það ekki, það verður að tala um það við þá félagu hvernig þessi tala er nákvæmlega til fundin. Þetta er einhver umræða sem er búin að eiga sér stað í lengri tíma þannig að ég, þú veist, þekki það ekki. Þó að þið sjáið ekki í bókhaldinu einhverja tölu sem að staðfestir þetta. Ef þú kaupir hús og það kemur í ljós einhver galli, þá sérðu... og það er samþykkt að borga 300.000 kall í þakviðgerðir eða eitthvað slíkt, þá sérðu það ekki í einhverju bókhaldi eða gögnum eða einhverju slíku, þá er þetta bara eitthvað samkomulag eða samningsatriði.
- AJ. Þannig að hann byggist ekki á gögnum úr bókhaldinu þessi reikningur?
- TJ. Þessi reikningur byggir á samningum Jóns Geralds og Jóns Ásgeirs.
- AJ. Já, en veist þú til þess að í bókhaldinu séu einhver gögn sem að útskýra tilurð hans eða?
- TJ. Hvernig gögn ættu það að vera?
- AJ. Ég er að spyrja þig?
- TJ. Það er ekki, það er ekki hægt að hafa nein gögn um þetta. Þetta er eitthvað uppsafnað mál sem er á milli þeirra og það er ekkert hægt að segja hérna er eitt stykki kaffipoki og hérna er eitt stykki sykurkar eða eitthvað slíkt. Þetta er einhver niðustaða, þetta er einhver samningur sem að leiðir þetta af sér.
- AJ. Við höfum yfirheyrt framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og innkaupafólkið alveg frá... sem hafði með að gera samskipti við og viðskipti við Nordica

alveg frá 1993 og við höfum farið yfir gögn, afstemmingar inn í Aðföngum til dæmis og hjá Baugi, innkaupafyrirtækinu, allt aftur í þann tíma. Við sjáum að skemmdir eru skráðar með einhverjum hætti, afslættir og svo framvegis þar sem að texti þessa reiknings byggir meðal annars á. Þau hafa öll undantekningarlaust fullyrt að rýrnun, skemmdir og afslættir hafi verið reglulega gerðir upp. Í fyrsta lagi þá hafi þessi viðskipti byggst á reikningum sem fylgdu vörunni og þeir hafi þá bara verið greiddir. Innkaupafyrirtækið kaupir vöruna af Nordica á tilteknu verði sem er tilgreint á reikningum. Ef það er mismunur eða skemmdir, þá er það gert upp inn í svokallaðar kreditnótur og svo framvegis eða debetnótur. Allt þetta fólk hefur borið að það hafi... að viðskipti hafi reglulega verið stemmd af og gerð upp og inn í bókhaldinu sjálfu eða gögnum er ekki að finna að það standi neitt út af borðinu gegnum þennan tíma, heldur þvert á móti, þá hafi farið fram uppgjör reglulega og afstemmingar. Þetta eru gögn sem liggja fyrir hérna hjá okkur og voru afhent af starfsfólki Baugs. Þannig að við höfum ekki séð neitt sem gæti skýrt tilurð þessa reiknings í gögnum fyrirtækisins. Þess vegna er ég að spyrja þig að því hvort að það sé eitthvað til einhver gögn inn í fyrirtækinu sem að skýra þennan reikning?

TJ. Þú sagðist hafa talað við innkaupastjóran þarna, er það ekki?

AJ. Já.

TJ. Þegar það koma sendingar til landsins, þá er náttúrulega farið í gegnum það hvort það hafi eitthvað skemmst á leiðinni og það er gengið frá reikningunum þá og svo framvegis. Þetta hefur ekkert með það að gera, þetta hefur með seinni tíma mál að gera og sjálfsagt hafið þið þá líka talað við Guðmund Marteinson eða framkvæmdastjóra fyrirtækjanna. Þeir náttúrulega þekkja manna best hvernig þessar vörur voru. Eins og ég segi, eins og mér var sagt frá þessu og þetta er bara eins og mér er sagt frá þessu, þá voru á einhverju tímabili til hrísgrjónabirgðir til fjögurra ára, hvernig á það að koma inn í einhver uppgjör og sendingu sem er að koma til landsins þó að það séu einhverjar skemmdir í því. Þetta er bara eins og ef þú kaupir bíl, þú gengur frá reikningnum, þú gengur frá greiðslunni, þú gengur frá samningum, það er allt klárt og ef það er dæld í brettinu þá færðu afslátt út á það. Svo bila bremsurnar einhvern tímann hálfu ári seinna eða einu ári seinna og kemur til



umboðsins og ætlar þá... Maðurinn færi að segja, við erum búnir að ganga frá reikningnum og hérna... Þetta er bara svona allt öðruvísi mál...

AJ. Spurningin er bara þessi svo að ég endurtaki hana enn einu sinni. Veistu til þess að það liggja einhver gögn inn í Baugi sem eru bakgögn á bak við þennan reikning eða er hann byggður á gögnum úr bókhaldi eða skjalasafni Baugs eða er hann ekki byggður á því?

TJ. Ég ítreka mitt fyrra svar. Ég veit ekki til þess, ég veit ekki hvernig þessi tala er nákvæmlega fengin nema bara að þetta er samkomulagsatriði. Séu til einhver gögn á bak við það, þá hef ég ekki séð þau og þá eru þau hjá Jóni Ásgeiri, en ég veit ekki um það.

Sveinn Ingiberg: Nú tókst þú þátt í tölvupóstsamskiptum milli þín og Jóns Geralds, að forma textann á kreditreikningnum...

TJ. Má ég sjá tölvupóstinn.

SI. Það er hérna fyrst skýrsla um rannsókn á tölvupósti og svo er hann sundurliðaður allur hérna á eftir. Þetta er II/8.4. og undirgögn með því upp í 4.5.

AJ. Er ekki bara rétt að við gerum örstutt hlé og slökkvum á tækjunum á meðan þú kynnir þér þetta skjal. Klukkan er núna 15:14.

TJ. Ég hef ekki séð þetta áður.

AJ. Þá höldum við áfram yfirheyrslum klukkan 15:15.

SI. Já, við vorum að fara yfir tölvupóstsamskipti þín og Jóns Geralds Sullenberger, sem áttu sér stað 30. ágúst 2001, varðandi það þið voruð að forma texta þessa kreditreiknings og það má sjá það að þú kemur með breytingartillögu á textanum. Það er þá spurning hvort að þú getur skýrt ástæðu þess að það er talað um tímabilið fyrst í júlí 2000 til 30. júní 2001.

TJ. Nei, þetta er sem kemur upphaflega frá Jóni Gerald sá texti og ég... það eina sem ég var að fara yfir var að fara yfir orðalag, þannig að ég veit það ekki af hverju það er.

SI. Þannig að þú hefur ekki á annan hátt lagt fyrir texta þessa reiknings?

TJ. Nei, ég bara fór yfir hann.

SI. Já, já, það er ekki frá þér komið að þetta frá 1. júní?

TJ. Nei.

SI. En vissirðu á þeim tíma hvaða tímabil var þarna undir.



- TJ. Nei, ég vissi það ekki nema bara að mér var sagt að þetta væru nokkur ár. Mér fannst það nú ekki vera eitthvað "big issue" í þessu. Það var nú aðallega málið að fá þennan reikning í gegn vegna þess að þeir voru búnir að vera hassla<sup>u</sup> um hann lengi, eða þrefa um hann. 11  
6
- AJ. Nú sagðirðu í skýrslunni þinni sem við vorum að vitna í áðan þegar þér var kynntur pósturinn sjálfur að þú myndir ekki eftir honum. Manstu ekkert eftir þessum samskiptum?
- TJ. Jú, eins og ég sagði áðan að þegar mér er kynntur þessi póstur, þá er ég að fókusera á debetreikning og auðvitað hefði ég átt að kveikja á því þá, en ég var bara með hugann algjörlega við þennan debetreikning á þessum tíma. Síðan var líka eitthvað misræmi í tímasetningum ef ég man rétt í tölvupóstinum sem að... Þannig að hérna...
- AJ. Geturðu þá ekki gert okkur grein fyrir þessum samskiptum þínum hvaða upplýsingar þú fékkst frá Jóni Ásgeiri eða einhverjum öðrum frá Baugi og hvaða upplýsingar þú fékkst frá Jóni Gerald um að gera þennan reikning?
- TJ. Eins og mér var sagt þetta, þá var... þá heyri ég frá Jóni Ásgeiri einhvern tímann um það að þeir séu búnir að klára þetta mál eða eitthvað slíkt og ég síðan kem til landsins þarna til að... þegar við erum að klára sex mánaða uppgjörið og ég hringi út í Jón Ásgeir, nei Jón Gerald, eða sendi honum tölvupóst og bið hann um að klára málið af því að við séum að loka bók-haldinu, að það liggi á því þannig að hann sendi mér þá þetta til baka.
- AJ. Kom þetta bara í faxi eða kom einhvern tímann frumritið af þessum reikningi inn í fyrirtækið?
- TJ. Ég sá þetta bara í faxi væntanlega. Ég er bara mjög lítið á svæðinu eins og kannski hefur komið fram á þessu ári. Ég er meira og minna erlendis. Hann sendi mér þetta í faxi þarna og ég hef ekki séð annað.
- AJ. Nú kemur fram að þú móttækur hann. Það virðist vera þarna lokasetningin sem er kvittun fyrir móttöku á faxesendingunni. Hvað gerðirðu síðan við skjalið sjálft?
- TJ. Væntanlega hefur þetta verið það seint þannig að við höfum verið að klára uppgjörið þannig að ég hef látið senda þetta til endurskoðendanna til þess að þeir gætu gengið frá færslunum þar.
- AJ. Þetta er 30. ágúst klukkan 14:37 samkvæmt tölvunni í klukkunni, nei, klukkunni í tölvunni fyrirgefðu.

- TJ. Það er örugglega líka tölva í klukkunni.
- AJ. Já. Hvenær var gengið frá lokafærslunum?
- TJ. Hvenær var gengið frá lokafærslunum?
- AJ. Já, í þessu milliuppgjöri?
- TJ. Hjá endurskoðendum?
- AJ. Já?
- TJ. Ég bara þekki það ekki. Það hefur verið einhvern tímann á þessu tímabili, það getur verið að þeir hafi verið búnir að ganga frá því á þessum tímapunkti eða gert það eitthvað aðeins eftir, en það vantaði allavegana staðfestinguna.
- AJ. Var búið að færa þessa fjárhæð í bókhaldið áður en að skjalið barst?
- TJ. Ég, eins og ég segi, ég veit ekki hvort það var búið að færa það en upplýsingarnar lágu fyrir á þessum tímapunkti.
- AJ. Og vantaði skjalið á bak við...
- TJ. Væntanlega hefur þetta verið færsla í gegnum... Ef þetta er svona seint á ferðinni, þá er þetta yfirleitt tekið í gegnum lokafærslur, þá er þetta væntanlega fært þar og fært þá í bókhaldið í framhaldi af því þegar það er verið að ganga frá afstemmingum þar á milli. Ég þekki það ekki alveg hvernig það var í þessu tilviki.
- Sveinn Ingiberg: En skýrir það að einhverju leyti, það er ekki hægt að lesa annað úr þessum tölvusamskiptum en að það hafi legið á að fá þennan reikning?
- TJ. Ég er á landinu held ég í tvo daga þarna eða einhverja örfáa daga. Þetta er bara, ég kem þarna og þurfti að klára nokkur mál, við vorum að halda held ég stjórnarfund eða einhvern slíkan fund og það var verið að klára þetta og svo er ég farinn út aftur. Það er bara þess vegna sem að það lá á til þess að þeir endurskoðendur gætu klárað uppgjörið og þurftu að hafa eitthvað á bak við þetta. Það hefur legið á því út af því.
- SI. En hvað finnst þér um... Nú hefur þú skýrt frá því að það var mikill taprekstur hjá Nordica.
- TJ. Já.
- SI. Þið voruð að greiða honum tiltölulega stórar fjárhæðir til þess að hjálpa honum að brúa taprekstur.
- TJ. Já.
- SI. Hvað finnst þér þá um það að á sama tíma og staðan er þannig hjá Nordica að þá sé verið að móttaka einhvern kreditreikning upp 61 milljón.

TJ. Já.

SI. Hvernig átti að borga þetta?

TJ. Þetta er mjög góð spurning. Málið er það að á þessum tímapunkti ef að það hefði átt að borga þetta á þessum tímapunkti, þá var það ljóst að það hefði ekki verið hægt. Vel kann að vera að í mínu hugskoti hafi leynst efasemdir um það að það væri hægt að fá þetta greitt. En þarna á þessum tímapunkti erum við líka að reyna að byggja upp viðskiptin þarna og Jón Ásgeir vildi fá þetta inn aftur upp á seinni tíma mál. Þess vegna er þetta fært sem krafa í aðalbókhaldi, sem sagt á aðalskrifstofu Baugs, en ekki Aðföngum því að ef þetta hefði verið fært þar sem krafa, þá hefðu þeir skuldajafnað í næstu færslu og þá hefði hann strax lent í "cash" vandamálum. Þetta er eitthvað mál sem byrjar löngu áður heldur en að Nordica er komin í þessi vandamál og það var klárað á þessum tímapunkti þannig að það er ástæðan fyrir því. Hann hefði örugglega ekki getað greitt þetta á þessum tíma.

AJ. En Tryggvi, nú segir þú hérna í skýrslunni svo við vitnum enn og aftur í hana þegar við erum að spyrja þig um þennan reikning. Þá segir hér: "Í ljósi þess að reikningurinn ber með sér að vera vegna rýrnunar og skemmda. Varðandi vörukaup er Tryggvi spurður hvort Baugur hafi komið nálægt vörukaupum og hvort að reikningar Nordica vegna vörukaupa hafi áður borist Baugi." Þú svarar svona orðrétt: "Tryggvi segir að Baugur hafi aldrei séð um vörukaup og reikningar vegna þeirra hafi aldrei borist Baugi og aldrei verið færðir í bókhaldi Baugs, heldur þess undirfyrirtækis sem var að kaupa vöruna, í þessu tilfelli Aðfanga." Fannst þér þó eðlilegt að færa þetta á biðreikning í bókhaldi Baugs, en ekki á móti vörukaupum hjá Aðföngum af því að þetta var beinlínis vegna viðskipta við Aðföng?

TJ. Eins og ég sagði, þessir hefðbundnu reikningar þar sem er verið að gera upp sendingar og slíkir afsláttareikningar, þeir fara náttúrulega í gegnum, vegna þess að þeir eru dregnir frá greiðslu strax væntanlega eða næstu greiðslu á eftir. Þetta er dálítið sérstakt mál sem er bæði há fjárhæð og alveg ljóst að hann hefði ekki verið greiðslumaður á þeim tíma, þess vegna er þetta sett þar. Varðandi að þetta hafi verið fært á biðreikning, þá eru það fréttir fyrir mig, ég vissi ekki betur til heldur en að þetta væri bara fært beint á viðskiptakröfu á Nordica.

AJ. Það er til viðskiptareikningur Nordica í bókhaldi Baugs.

17

- TJ. Já.
- AJ. Þetta er ekki fært inn á hann, heldur er þetta fært inn á biðreikning og það var nú eiginlega næsta spurning af hverju þetta var fært inn á biðreikning en ekki inn á viðskiptareikning Nordica?
- TJ. Ég bara átta mig ekki á því því að þessi reikningur ber klárlega með sér að þetta er út af Nordica þannig að það er engin ástæða til þess að þetta fari inn í biðreikning. Ég veit það ekki. Var hann þá ekki leiðrétur þaðan eða er hann þar ennþá eða hvernig er það?
- AJ. Við ætlum að koma aðeins betur að því á eftir. En sem sagt þér er ókunnugt um það af hverju þetta er fært svona?
- TJ. Já.
- AJ. Ef við kynnum þér hérna tölvupóst frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni um mitt árið 2001, það er verið að... Það er umræða á milli framkvæmdastjóra fyrirtækisins og yfirmanna, þín, Jóns Ásgeirs, Jóns Scheving, Jóns Björnssonar og Árna Péturs...
- Jón Sigurðsson hdl. Eigum við ekki fá að sjá það líka?
- AJ. Við kannski komum bara að því á eftir þakka þér. 29. júní...
- Jón Sigurðsson hdl. Fyrirgefðu, er ekki verið að spyrja út í þennan...
- AJ. Ég er bara að spyrja hann.
- Jón Sigurðsson hdl. Afsakið, má ekki verjandi fá eintak af tölvupóstinum?
- AJ. Ég vil helst ekki að þú truflaðir á meðan við erum að...
- JS. Nei, nei, en það náttúrulega kannski eðlilegast að þetta sé lagt fram áður en spurningin er borin upp.
- AJ. Fyrirgefðu, ekki trufla yfirheyrsluna. Þetta hefur allt sinn gang, við kynnum honum þetta eins og við höfum gert hingað til.
- JS. Já, já.
- AJ. 29. júní 2001, þá eruð þið að velta þessu á milli ykkar. Jón Ásgeir segir í pósti til þessa sem ég nefndi hérna áðan. "Uppgjörið verður erfitt, vinna hefst strax eftir helgi. Ljóst er að mikill tími á eftir að fara frá okkur TJ í það verkefni. Alveg er ljóst að eftir uppgjör er ekkert borð fyrir báru. Áætlanir verða að standast." Svo koma nokkur upphrópunarmerki. Spurningin er hvaða uppgjör er verið að tala um og hvaða áætlun er verið að tala um og hvaða... ef einhverjar ráðstafanir voru gerðar til þess að láta þessar áætlanir standast?
- TJ. Hver er tímasetning á póstinum?

AJ. 29. júní. Daginn áður en sem sagt...

TJ. Þá er hann væntanlega að tala um sex mánaða uppgjörið mundi ég halda út frá tímasetningunni. Ársáætlunin sem er lögð fram í upphafi ár og þetta hefur, svona póstur hefur ekkert... Það er nú fyrst og fremst verið að senda þarna póst á framkvæmdastjórana, þetta er út af þessu kerfi sem er kallað *Accountability* "Countabilliti system" tengist því og raunar ég er að taka upp á mínum núverandi vinnustað og maður ætti kannski að endurskoða það. Sem að byggir á því að það eru gerðar áætlanir sem eru brotnar niður, mjög langt niður og hver og einn aðili er gerður ábyrgur og þarna er verið að pressa á menn að standa sig. Þetta er ~~ek~~kkert... sálrænt. X

AJ. Var það í járnnum að rekstraráætlun stæðist?

TJ. Ég bara...

AJ. Hálfársuppgjörið stæðist?

TJ. Ég bara man það ekki. Það er ekkert sem að ég man.

AJ. Manstu eftir þessum samskiptum?

TJ. Þessum tiltekna pósti?

AJ. Ja, þessum samskiptum um þetta efni?

TJ. Sem tengist þessum pósti?

AJ. Já?

TJ. Nei, ég man það nú ekki. Svona póstar fóru öruggleg oft, þetta er svona bara dæmigert til þess að halda mönnum við efnið, að menn séu að skera niður kostnað sem hægt er að skera niður kostnað og svo framvegis.

AJ. Manstu hvort að rekstraráætlun stóðst miðað við hálfársuppgjör 2001?

TJ. Nei.

AJ. Þú manst það ekki?

TJ. Nei, það dreg ég í efa, en ég man það ekki. Það er mjög auðvelt að komast að því. Það er mjög auðvelt að bera það saman.

AJ. Hérna er það sem við erum að tala um á seinni blaðsíðunni, þessi póstur, það er nú ýmislegt fleira sem er verið að tala um þarna. En hérna er þetta skjal, útprentun á þessum tölvupósti sem verið er að vitna í.

TJ. Góðar fréttir Arcadia virðist vera að hagnast meira en við gerðum ráð fyrir.

AJ. Við ætlum að gera örstutt hlé til þess að skipa um spólu, klukkan er núna 15:29.

- AJ. Klukkan er núna 15:30 og yfirheyrslu er haldið áfram.
- AJ. Tryggvi það er varðandi þennan póst þarna sem þú ert búinn að lesa.
- TJ. Já.
- AJ. Þú manst ekkert hvaða ráðstafanir er verið að tala um í póstinum eða hvaða atriði það eru sem á að gera til þess að áætlanir muni standast?
- TJ. Þetta er beint á framkvæmdastjórana þannig að það er bara verið að segja þeim að spýta í lófana og klára mál.
- AJ. Já.
- TJ. Væntanlega er þetta... Það er alveg, þetta er fyrst og fremst póstur á þá, en ekki á mig.
- AJ. Við ætlum að nefna við þig þarna fleiri tölvupósta, það er póstur 13. til 14. febrúar 2002. Hérna eru samskipti þín og Jóns Gerald þar sem verið er að fara yfir stöðu Nordica og hvernig mál hafa þróast í samskiptum við það fyrirtæki og síðan er þarna póstur 4. mars til 6. mars á milli þín og Jóns Gerald líka varðandi það sama. Þarna er verið að rifja upp þróun mála hvernig Baugur hefur komið að hvernig gengið hefur hjá Nordica. Hann er hér. Það eru ýmis önnur gögn sem að sýna það að þú hafir greinilega lagt þig eftir því að fylgjast með hvernig málin þróuðust og þú virðist hafa verið með inn í málinu varðandi stöðu Nordica gagnvart Baugi.
- TJ. Þegar ég kem inn í þau mál, þá fer Jón Gerald að leita til mín með þessi mál og ég fer eiginlega að taka hans málsstað eða bakka hann upp í þessu og þess vegna erum við í dálitlum samskiptum út af þessu og þess vegna erum við að reyna að koma á auknum viðskiptum þarna á milli. En einstakar pantanir... Hann er náttúrulega í miklu meira samskiptum við aðra heldur en mig því að þetta er náttúrulega ekki oft sem við erum í samskiptum. Hann svona reyndi að upplýsa mig um, hvetja mig til þess að reyna efla viðskiptin og svo framvegis.
- Sveinn Ingiberg. Í þessum pósti er verið að fara yfir stöðuna hjá Nordica og hvað þið séuð að borga og þetta... Það vekur athygli mína að það er aldrei minnst á þennan kreditreikning.
- TJ. Nei.
- SI. Aldrei.
- TJ. Nei.
- SI. Hver er skýringin á því?



- TJ. Það er vegna þess að kreditreikningurinn var ekki inni á mínu borði, það mál er miklu eldra. Það er bara á milli þeirra Jóns Ásgeirs og Jóns Geralds, ég kom ekkert að því máli.
- SI. Nú hlýtur það að tengjast heildarviðskiptum Nordica við Baug og það er verið að tala um uppgjör og greiðslur og ganga frá málum og það er aldrei talað um þennan kreditreikning.
- TJ. Nei.
- AJ. Þið stillið upp skuldastöðunni.
- TJ. Já.
- AJ. Í nokkrum skjölum sjáum við að skuldastöðinni er stillt upp og það er rakið hvaða greiðslur fóru á milli og þessi fjárhæð, við finnum engin dæmi um að á hana sé minnst þegar verið er að taka út stöðu mála.
- TJ. Já.
- AJ. Það hlýtur að vekja upp spurningar af hverju í ljósi þess að Jón Gerald vill meina að þetta sé tilhæfulaust skjal sem hafi verið búið til samkvæmt ykkar beiðni og skjalið er ekki fært í bókhaldi Nordica...
- TJ. Jón Gerald vildi meina að þetta væri fyrst og fremst debetreikningur en ekki kreditreikningur, það er nú kannski byrjunin á því. Á þessum tímapunkti sem er þarna komið fram í... Hverjar voru dagsetningar á þessum pósti sem þú varst að sýna mér, var það ekki í mars 2002, eitthvað svoleiðis, febrúar, mars 2002.
- AJ. Febrúar og mars 2002.
- TJ. Já. Eins og ég sagði áðan, þá í mínum huga, þá var kannski í hugskotsjónum mínum, þá voru kannski efasemdir um það að hann mundi geta borgað reikninginn og ég einhvern tímann þegar við vorum að nálgast ársuppgjörið fyrir 2001 sem er einhvern tímann þarna á þessu bili, þá nefndi ég það við Stefán Hilmarsson hvort að við ættum, af því að þá vorum við að bakfæra Færeyjareikninginn, hvort að við ættum ekki að bakfæra þennan reikning líka, hvort að þetta væri raunhæfur reikningur. Hann ætlaði að tala um það við Jón Ásgeir, en Jón Ásgeir vildi það ekki vegna þess að þessi reikningur ætti hvort sem er ekki að koma til greiðslu strax og þess vegna var hann ekki bakfærður. Ég hafði efasemdir um það að á þessum tímapunkti í ljósi þess að viðskipti voru að minnka þarna að hann væri borgunarmaður fyrir þessu.

Sveinn Ingiberg: Hver var þá flýtirinn að vera að kalla eftir þessum reikningi með þessum hraða til þess að koma honum þarna á síðasta degi inn í milliuppgjör árshlutauppgjör 2001, ef það var alveg ljóst að það átti ekki að borga þennan reikning strax og jafnvel efasemdir um hvort hann yrði greiddur, það kemur fram tekjufærsla upp á 61 milljón?

TJ. Já, það er vegna þess að þarna er verið að klára gamalt mál þar sem komið var niðurstaða í. Hvernig sú niðurstaða er fengin, þá er það sjálfsagt að kalla eftir reikningnum út af því, því að þarna var að koma ákveðin niðurstaða, það var kominn endir á þetta mál þannig að auðvitað er kallað eftir honum. Á þeim tímamarki erum við alls ekki á þeirri skoðun að hann verði ekkert greiddur, alls ekki, vegna þess að þarna erum við ennþá að reyna að byggja upp viðskiptin og kannski því miður, þá var það nú kannski forsendan fyrir því að ekki urðu frekari viðskipti vegna þess að framkvæmdastjórnarnir, út af reynslu vegna fyrri tímabila vegna þess að þarna var mikið að drasli sent með að þá voru þau kannski tregir til þess að eiga viðskipti við hann.

AJ. Tryggvi, í maí 2000, þá er fundur þar sem farið er yfir uppgjörið '99 og í framhaldi af því er sendur styrkur til hans upp á 50.000 dollara.

TJ. Já.

AJ. Og í janúar 2001, þá er fundur með honum aftur honum Jóni Gerald þar sem þið farið yfir viðskiptin 2000 og þá er sendur styrkur til hans upp á 80.000 dollara af því að tapið er alltaf að aukast.

TJ. Já.

AJ. Það er ljóst fyrir þennan tíma að staða fyrirtækisins er svona þannig að það er varla skýring?

TJ. Nei, það lá alveg ljóst fyrir... Í framhaldi af því, þá er hann að opna vöruhús, þess vegna er tapið þarna og ástæðan fyrir því... Við hefðum aldrei borgað þetta tap ef við hefðum talið að þetta yrði bara "for ever" svona. Þarna teljum við að við séum á einhverjum "turnaround point" eins og svo oft er með fjárfestingar, þú heldur að þú sért að fara í einhvern business sem að kallar á peninga í byrjun, en síðan verður hann upp á við. Kreditreikningurinn, af því eruð að spyrja um hann þarna í þessu samhengi, hann er ekkert í mínum huga þarna. 2000, ég er ekkert einu sinni viss um að ég hafi vitað hver staðan væri á því máli þá vegna þess að það er bara ekkert sem ég var "involveraður" í á þessum tímamarki, þetta hefur annan aðdraganda það mál.



- AJ. Hvað hérna... Nú liggur það fyrir samkvæmt innri endurskoðun Baugs og fjármálastjóra Baugs að þessi reikningur hefur ekki verið á meðal fylgiskjala í bókhaldi Baugs. Hver hefur skjalið verið?
- TJ. Þú spurðir áðan hvert ég hefði sent það. Ég sagðist líklega hafa sent það á endurskoðun af því að það hefur sjálfsagt verið að klára uppgjörið þar, þá hefur það væntanlega verið þar.
- AJ. Stefán segist ekki hafa verið með hann.
- TJ. Nú, hvar fengu þið eintakið sem að þið sýnduð mér?
- AJ. Við fengum afrit, faxes afrit af reikningnum.
- TJ. Ég man ekki eftir að hafa séð neitt annað heldur en faxafrit. Ég hef bara látið þá fá faxafrit upp í endurskoðun.
- AJ. Þannig að þú veist ekki hvort hann var inn í fyrirtækinu eða hvar reikningurinn var, eða hefur ekki skýringar á því af hverju þetta var ekki á meðal fylgiskjala?
- TJ. Það hefði náttúrulega... faxið hefði náttúrulega átt að vera þar.
- AJ. Það var ekki þar.
- TJ. Nei, þá hefur það bara orðið eftir þarna uppfrá og svo ganga þeir frá væntanlega lokafærslum sem eru færðar í samræmi í bókhaldinu, þá er bara verið að vísa í lokafærslur frá endurskoðun og svo framvegis.
- Sveinn Ingiberg: Aðeins varðandi þessi tölvupóstsamskipti þín aftur sem að áttu sér stað við Jón Gerald þegar það er verið að útbúa þennan reikning 30. ágúst 2001. Þú segir í lokin þegar faxið er farið í gegn og þú svarar "búinn að fá það, þakka þér fyrir..."
- TJ. "Skulda þér einn gráann."
- SI. Já?
- TJ. Hvað heldurðu að ég eigi við?
- SI. Það er nú það?
- TJ. Hvað heldurðu? Maður er búinn að vera að kalla á eftir þessum reikningi og hann klárar þetta mál og ég er bara feginn, hann dreif í þessu, hann kláraði þetta og ég skuldaði honum einn drykk. "Skulda þér einn gráann." Ekki svona, heldur svona til að klára málið.
- SI. Ég geri mér nú fastlega grein fyrir því að þetta væri drykkur. Mér finnst hann frekar með útgáfu á þessum reikningi skulda þér heldur en þú honum ef maður á að skoða það. Hann skuldar Baugi, ef þetta er er réttmætur kreditreikningur, þá er það væntanlega er það hann sem skuldar.

- TJ. Hey, veistu hvað, þetta er nú bara þannig að þú getur farið til Sævars Karls og keypt þér föt og þá skuldar þú honum pening, það getur vel verið að hann gefi þér konfekt, hvað ætlarðu að segja þá. Þetta er nú bara útúrsnúningur.
- AJ. Þetta er eðlileg spurning vegna þess að hann vill meina, hann Jón Gerald, að hann hafi verið að gera þér greiða. Hann gefur tilhæfulausan reikning út fyrir ykkur til að nota hjá Baugi, en án þess að það væri nokkuð á bak við hann. Það er það sem hann heldur fram.
- TJ. Jón Gerald, ég veit nú ekki hvort að það sé hægt að segja svona að maður vilji ekki fá eitthvað bókað og segi það samt eða viltu slökkva.
- AJ. Nei, nei, við höldum bara áfram. Þetta er yfirheyrsla sem að koma hér allir hlutir fram.
- Jón Sigurðsson hdl: Þú getur ráðfært þig við mig eða sagt mér það.
- TJ. Nei, nei, ég ætlaði bara að segja þeim sögu af Jóni Gerald.
- AJ. Nei, það... Við skulum hérna... Jóhanna Waagfjörð fjármálastjóri Baugs frá 1. september 2001, hún hefur borið það við yfirheyrslur hér, vitnayfirheyrslur, að hún hafi ítrekað haft samband við þig og ýtt að fá niðurstöðu í þetta mál, kreditreikningsmál vegna þess að þetta var fært inn á biðreikning og hún sem fjármálastjóri og (óskýrt) á bókhaldi vildi fá lendingu í málinu og hún hafi ítrekað haft samband við þig og beðið þið um skýringar og taka á því. Hún sendir meðal annars tölvupóst hérna 24.10.2001 til þín og Jóns Ásgeirs, sem er orðréttur svona: "Ég er hér með nokkur mál sem ég þar skýringar á. Fyrsti liðurinn, tekjufærsla 30.6. vegna afsláttar frá Nordica tæpar 62 milljónir. Kemur greiðsla frá þeim eða eigum við að skuldajafna þetta við innkaupin hjá Aðföngum? Mér skilst að við séum að greiða til þeirra í hverjum mánuði um 2 milljónir króna. Þessi færsla var bókuð á biðreikning og við þurfum að ganga frá þessu á rétta staði." Manstu eftir því að Jóhanna hafi verið að ýta á eftir þér varðandi að loka þessu máli?
- TJ. Ekkert sérstaklega, hún er mjög nákvæm og dugleg manneskja og hún ýtti á eftir öllum málum sem hún gat og sjálfsagt hefur hún talað við mig um þetta. Ég, eins og ég segi áðan með þennan biðreikning, ég taldi að þetta væri bara á viðskiptareikningi á Nordica og hún er að spyrja þarna hvort það eigi að skuldajafna þetta á móti öðrum greiðslum og það var akkúrat það sem átti ekki að gera.
- AJ. Manstu hvernig þú svaraðir þessum erindum?

- TJ. Nei, ég hef sjálfsagt látið þetta standa á reikningnum eða þá að Jón Ásgeir hefur svarað henni eða, ég man ekki svar við þessari tilteknu spurningu.
- AJ. Nú varst þú að tala áðan um biðreikninginn, að það væri ekki rétt að hafa þetta á biðreikningi. Þarna er greinilegt að hún er að vekja sérstaka athygli á því að í október að þetta hangi inn á biðreikningi sem hún vill ekki sjá. Hvað gerir þú í sambandi við það?
- TJ. Ég get nú ekki svarað því, ég þyrfti nú bara að rifja það upp, ég... eins og ég segi, þetta á bara heima inn á viðskiptareikningi Nordica þannig væntanlega hef ég bara sagt henni að færa það þangað eða eitthvað slíkt vegna þess að þetta er bara krafa á Nordica. Biðreikningar eru yfirleitt ekki mikið notaðir, það er bara svona til að... það er nú bara yfirleitt bókarar sem nota þá á meðan þeir vita ekki hvað þeir eiga að gera við reikninginn. Hún hefur sjálfsagt sett þetta á biðreikning vegna þess að hún hefur talið að þetta ætti að fara annað hvort á Aðföng eða eitthvað annað.
- AJ. Stóð til að bakfæra þennan reikning?
- TJ. Nei.
- AJ. Var það ástæðan fyrir því að þetta var ekki frágengið út af biðreikningnum?
- TJ. Nei.
- AJ. Er það alveg öruggt?
- TJ. Já, já, það er alveg öruggt.
- AJ. Ég ætla að sýna þennan póst og svar þitt við póstinum, þetta er frá 24.10.
- TJ. Ekki nema bara í mínum hugskotsjónum eins og ég sagði áðan, ég sjálfur með efasemdir.
- AJ. Við þurfum að finna þennan póst. Við skulum bara punkta það hjá okkur svo að við tefjum ekki.
- TJ. Þið megið líka stoppa upptökuna.
- AJ. Jú, jú, við getum alveg gert það. Klukkan er 15:45.
- AJ. Klukkan 15:49 yfirheyrslu haldið áfram.
- AJ. Tryggvi hérna er þessi tölvupóstur sem við vorum að tala um. Þú segir þú munir sjá um þessa liði þarna. Þú svarar Jóhönnu þannig.
- TJ. Ég fer yfir liði eitt, tvö og fjögur við fyrsta tækifæri.
- AJ. Já. Manstu hvernig þú fórst yfir þá og hver var niðurstaðan?

- TJ. Nei, ég gæti alveg... eða ég giska á að ég hafi svarað þessu svona af því að ég hefi verið erlendis og ætlað að fara yfir þetta þegar ég færi með henni til baka, þegar ég kæmi til baka.
- AJ. Þetta er í október 2001. Hvað var síðan gert í málunum?
- TJ. Það sem var gert í málunum var það að það sem tengist nú ekki að vísu þessu beint, heldur bara út af síðari tíma málunum að þá var SMS bakfærður og hitt látið standa.
- AJ. Linda Jóhannsdóttir, fjármálastjóri Baugs á undan Jóhönnu sem sagt fram að 1. september eða um það bil, hún var til júlí, ágúst 2001 segir hún. Hún segist hafa séð þennan reikning og hann eitthvað komið inn á borð til sín eins og hún orðaði það, en hún strax sent hann frá sér af því að þetta átti ekki heima í bókhaldi Baugs og kom ekkert því fyrirtæki við, heldur var þarna greinilega um viðskipti Aðfanga og Nordica að ræða.
- TJ. Já.
- AJ. Kannastu við það að hún hafi sent hann í burtu, ekki talið að hann ætti heima í þessu bókhaldi og vísað honum frá?
- TJ. Hvenær sá hún hann í júlí/ágúst?
- AJ. Hún var fjármálastjóri fram að þeim tíma.
- TJ. Já, en reikningurinn kemur ekki fyrr en 30. ágúst þannig að hérna hún er hætt þá sem fjármálastjóri, þannig að ég átta mig ekki á því.
- AJ. Ja, það er að gerast svona um þetta leyti, en þetta er það sem hún segir í framburðarskýrslu sinni.
- TJ. Já, já, það er náttúrulega eðlileg ályktun hjá henni af því að hún þekkir ekki inn á málið og sér að þetta er Nordica og þar að leiðandi tengist það Aðföngum, en hún veit ekki þá hlið á málinu að þarna átti ekki að rukka þetta, það átti ekki að skuldajafna þessu strax og þess vegna er þetta sett inn á aðal-skrifstofuna. Ég veit ekki... Hvert sendi hún þetta frá sér.
- AJ. Hvað segirðu?
- TJ. Hún segist hafa sent þetta frá sér.
- AJ. Hún gat nú ekki gert grein fyrir því nei. Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, hann bar í sinni vitnaskýrslu hér að ekkert í bókhaldi Aðfanga gæti skýrt þennan reikning og honum hafi verið algjörlega ókunnugt um hann eða tilvist hans þangað til bara að hann frétti af honum í fjölmiðlum. Þó eru þetta

viðskipti við Aðföng sem verið er að gera upp og framkvæmdastjóranum er algjörlega ókunnugt um það.

- TJ. Já, Aðföng verða þarna til '98. Þetta eru viðskipti aftur í tímann þegar Bónus var stærsti viðskiptaaðilinn og af hverju... Ég veit það ekki, Jón Ásgeir getur svarað því af hverju hann hefur ekki rætt um þetta við Lárus ef hann hefur talið sig þurfa að ræða um þetta við hann, ég þekki það bara ekki.
- AJ. Nei. Í hérna... Hérna stendur nú beint fyrir framan þig í Outlook kerfinu þínu í tölvunni þinni, þar eru ýmis minnisatriði sem þú ert greinilega að minna sjálfan þig á. Það stendur hérna við 16. janúar 2002 í "Tasks" í Outlook. Þar stendur: "Leiðréttu Nordica og SMS reikninga." Manstu hvað þú varst að fara þarna?
- TJ. Já, þarna er ég að spá í það að... vegna þess á þessum tímapunkti og raunar fyrr þó að ég hafi ekki gert neitt í því, að þá lá fyrir að SMS reikningurinn yrði ekki að veruleika þannig að það þurfi að bakfæra hann og ég var að minna mig á það og síðan að taka Nordica reikninginn... Eins og ég sagði áðan, ég talaði um það við Stefán, ég hafði efasemdir um það að hann gæti greitt hann, þá var ég að tala um að láta bakfæra hann aftur, en það var ekki fallist á þau sjónarmið.
- AJ. 1. júní 2002, þá sendirðu Stefáni tölvupóst, Stefáni Hilmarssyni, endurskoðanda Baugs og undir efnisyfirlitinu "Staða á eldri málum." Þar stendur: "Sæll ertu búinn að leiðréttu (bakfæra, bæði SMS reikninginn og Nordica reikninginn frá miðju ári í fyrra.) Kveðja Tryggvi." Þetta er ennþá í júní 2002.
- TJ. Já, vegna þess að, já, já, viltu halda áfram eða á ég að svara því strax eða?
- AJ. Já, takk.
- TJ. Þarna komum við aftur að þessu vegna þess að ég hafði vilja þetta, láta bakfæra báða reikningana eða það var mín skoðun að gera það og talaði um það við Stefán og hann ætlaði að tala um það við Jón Ásgeir og ég hafði ekkert heyrt niðurstöðu af því máli.
- AJ. Þarna er liðinn dálítið langur tími, þú ert þarna í...
- TJ. Þarna...
- AJ. Við erum komnir fram í júní 2002?
- TJ. Já, það var búið að bakfæra þá SMS í ársreikningnum, ég bara vissi ekki hvort það hefði verið gert eitthvað meira eða ekki. Þess vegna er ég að spyrja hann um þetta.



- AJ. Manstu hverju Stefán svaraði?
- TJ. Ja, hann sagði að SMS hefði verið bakfært. Ég hringdi síðan í hann í framhaldinu... hann hérna... það var eitthvað í póstinum sem að, ég man ekki hvort að, eitthvað sem mér fannst ekki stemma og ég hringdi í hann eða við hittumst og töluðum saman um það og þá hérna sagði hann mér það að SMS hefði verið bakfærður en Jón Ásgeir hefði ekki viljað bakfæra hitt en hann hefði tekið niðurfærslu á það, eitthvað í þá veruna. Já, eitthvað svona.
- AJ. Ég ætla að sýna þér þennan póst, hann er dagsettur 1. júní 2002 og hann svarar 3. júní 2002 svona: "Sæll Tryggvi, er búinn að laga Nordica reikninginn, en ekki SMS reikninginn. Stefán Hilmarsson."
- TJ. Já.
- AJ. Af hverju svarar hann svona?
- TJ. Það er bara þvæla og það er sjálfsagt ástæðan fyrir því að við töluðum saman því að ég held að það komi meira að segja fram í bókhaldinu að það er SMS sem er bakfærður. Nordica reikningurinn var ekki bakfærður, hann sagði mér það.
- AJ. Heldurðu að þetta séu mistök hjá honum að svara svona?
- TJ. Hann verður að svara því. Þetta eru ekki þær upplýsingar sem hann sagði mér. Hann sagði mér að SMS hefði verið bakfærður og hann hefði tekið niðurfærslu á Nordica reikningnum.
- AJ. Eftir hvaða upplýsingum færði hann lokafærsluna þannig í kringum 30. ágúst 2001. Þessa sem ég sýndi þér hérna áðan?
- TJ. Eftir hvaða upplýsingum?
- AJ. Já. 108.594.000,00?
- TJ. Væntanlega eftir... Hann hefur fært eftir þessum reikningum sem hann fékk þarna, kreditreikningunum.
- AJ. Veistu það eða manstu það hvort hann var með þá í höndunum eða hvort hann var að færa þetta eftir einhverju öðru?
- TJ. Nei, eins og þetta í praxis gerist, ég get nú ekki sagt akkúrat til um þetta dæmi, þá liggja kannski fyrir upplýsingar, það er kannski verið að klára uppgjör og þá er kannski fært, en kallað eftir reikningunum samhliða. Hvort hann var búinn að fá reikningana í hendurnar akkúrat þegar færslan er gerð eða hvort hann var búinn að færa þetta deginum áður eða eitthvað slíkt, það er

allavegana samhengi þarna á milli, það eru tengsl þarna á milli og þess vegna lá líka á að fá reikningana.

- AJ. Manstu hvenær stjórn var kynnt árshlutauppgjörið, hvenær þeir fengu árshlutauppgjörið sent, stjórn Baugs?
- TJ. Í þessu tilviki?
- AJ. Miðað við 2001?
- TJ. Ég mundi halda að ef við erum að kalla eftir reikningum 30. ætli það sé ekki gert um það leyti, kannski deginum áður eða tveimur dögum áður. Það er einhvern tímann þarna í ágúst hvort sem það er einhvern tímann seinnipart, undir lok ágúst, en ég man ekki nákvæmlega dagsetninguna á því.
- AJ. Heldurðu að það geti verið að stjórninni hafi verið kynnt árshlutauppgjör áður en að þessi skjöl lágu fyrir í bókhaldinu?
- TJ. Ja, það má vel vera já.
- AJ. Þetta er að gerast 30. ágúst eitthvað skömmu fyrir þrjú?
- TJ. Ef það liggur fyrir að eitthvað eigi sér... Markmiðið með árshlutareikningum eða með ársuppgjör hafa gefið sem gleggsta mynd af hlutunum og þó að það vanti fylgiskjöl, þá mundi það ekki stoppa færslur ef menn telja að það sé rétt fylgiskjal. Það er ekkert undarlegt við það.
- AJ. Þú manst ekkert eftir því í þessu tilviki?
- TJ. Nei, ég man ekki nákvæmlega hvenær dagsetning stjórnarfundarins er. Hún gæti hafa verið 23., hún gæti hafa verið 30., hún gæti hafa verið 28. Hún er einhvern tímann á þessu bili mundi ég halda.
- AJ. Þannig að það var ekkert kaplaup að ná inn reikningnum áður en að stjórnin fjallaði um málið eða áður en þetta var sett út á Kauphöllina til dæmis?
- TJ. Nei, það held ég nú ekki vegna þess að ef að upplýsingarnar eru... við teljum að þær séu réttar og sannar og þá er það það sem skiptir náttúrulega höfuð máli og þegar hitt er á leiðinni í vinnslu og ég kem þarna til landsins, þá er það náttúrulega meginmálið að þetta sé... að upplýsingarnar séu... En hvenær var stjórnarfundurinn svona "for my information."
- AJ. Ég er ekki með það hérna.
- TJ. Er það um þetta leyti eða?
- AJ. Já. Við skiptum núna um disk klukkan 16.00.
- AJ. Klukkan er 16:06.

- AJ. Tryggvi það liggur fyrir fjöldinn allur af póstum og samantektum og viðhengjum sem að þið voruð að kasta á milli ykkar varðandi stöðu Nordica. Það er alveg frá ja, löngu áður en að þessir reikningur átti að hafa borist, sem sagt þarna í lok ágúst 2001 og frameftir ári og frameftir ágústmánuði 2002. Það veður athygli að þessi krafa er aldrei tilgreind, aldrei. Það eru engin dæmi sem hefur verið fundið um að... Það er tekin upp þessi krafa inn í myndina þegar það er verið að stilla upp stöðu félagsins gagnvart ykkur. Jafnvel er verið að tala um þarna í blálokin, þarna um mitt ár 2002 og eftir það, það er verið að tala um að leysa fyrirtækið Nordica frá Baugi með tilteknum peningagreiðslum. Það er verið að semja um það, en þessi kreditreikningskrafa kemur aldrei til skoðunar í því ferli öllu saman, hvaða skýring er á því?
- TJ. Já, það er nú að vísa bara aftur í það sem við sögðum áðan. Þegar við erum að ræða um skuldastöðu Nordica, þessa erfiðleika sem að komu í kjölfar þess að þeir fara af stað með vöruhús að þá litum við á það sem tímabundna erfiðleika, við litum bara á það sem að það væri bara partur af því að byggja upp fyrirtækið og það kæmi síðan blóm í haga og betri tíð. Ég er búinn að segja það áður að umræðurnar um kreditreikninginn eru alfarið á milli þeirra tveggja og þó að þú finnst ekki nein gögn hjá mér um það ef að slík gögn eru til, þá eru þau væntanlega til hjá Jóni Ásgeiri. Þú finnst þau ekki hjá mér vegna þess að við vorum ekki að ræða þessi mál okkur á milli, það er bara þeir tveir sem eru með þetta mál. Síðan þegar við erum komin þarna árið 2002 og ég er að reyna að hjálpa honum út úr þessu dæmi, þá hugsa ég að ég hafi nú beitt mér fyrir því þó að það hafi nú aldrei komið til tals neitt sérstaklega að hann mundi ekki þurfa að borga eða fá einhverja sérstaka aðlögun á þessu. Hins vegar var Jón Ásgeir mjög svona með mikið "prinsíp" á þessu máli, ég veit ekki, ég þekki ekki þeirra samskipti um þetta mál það vel að ég geti ekki neitt sagt til um það. Ég bara er ekkert "involeraður" í þau.
- AJ. Nú tekur þú greinilega að þér samkvæmt þessu póstum, þá tekurðu að þér að ganga frá málunum við Nordica fyrir hönd Jóns.
- TJ. Já, að þeim málum... já.
- AJ. Og þú tekur það oft fram í póstunum og ert að stinga upp á fjárhæðum sem að Baugur muni síðan borga Nordica í lokin.
- TJ. Hann sendi mér upplýsingar um það hvað eigið fé væri neikvætt í Nordica og ég var að segja honum það að ég mundi vilja koma til móts við hann með það





um þau mál og með því að klára neikvæða stöðu eigin fjár, þá er maður búinn að taka á þeim vanda sem að þar er, það eru náttúrulega eignir inn í því líka. Væntanlega þá hefur þessi kreditreikningur verið færður þar inn í því bókhaldi á árinu 2002, það er að segja, ætti að hafa verið þar allavegana, þannig að það mundi þá vera partur af þessu, en hins vegar þá þekki ég... Þá var þetta mál aldrei í umræðunni á milli okkar, ég bara horfði á eiginfjárstöðuna og hann sagði mér hvað hann væri búinn að tapa miklu og svo framvegis.

- AJ. Hver er þá skýringin segirðu. Hver er þá skýringin að það er aldrei minnst á þessa skuld?
- TJ. Ég var að segja það. Þetta er alfarið á borðum þeirra, þetta er ekki á mínu borði.
- AJ. Þetta er uppgjör á milli Baugs og Nordica.
- TJ. Já, þegar ég er að tala...
- AJ. Ekki persónulegt uppgjör milli þín og hans.
- TJ. Nei, en þegar ég er að tala við Jón Gerald um Baug, það er að segja, að koma inn í tengslum við skuldastöðuna hans, að þá var ég að tala um eiginfjárstöðuna eins og hún var hjá honum, það er að segja Hann hafði tapað þarna 400.000 dollurum ef ég man rétt á tímabilinu og það var það sem ég ætlaði að bæta honum upp eða taka þátt í. Það er bara svona á milli, bara það sem mér fannst vera sanngjarnt mál. Við vorum kannski ekkert endilega einhuga um það, en fram að 2001, þá er náttúrulega þessi kreditreikningur ekkert inn í myndinni hjá mér vegna þess að ég er ekkert... veit minnst um það, veit bara að þeir eru í þessum viðræðum um það, veit ekkert hvenær eða hvort það muni taka enda, hvort þeir nái niðurstöðu í... Við töluðum bara yfirleitt ekkert um það. Þetta var bara á milli þeirra, þetta bara er svoleiðis.
- AJ. Svo hefst lotun á einhverjum svokölluðum kostnaði við viðskiptarof eða það að viðskiptin hættu við Nordica.
- TJ. Já.
- AJ. Það er fylgiskjal inn í bókhaldinu sem að sýnir að það hafi verið gert ráð fyrir fjörutíu og níu og hálfri milljón sem kostnaður við að slíta viðskiptum við Nordica. Þetta er lotað á mánuð, eftir mánuð og það er fjórar og hálf milljón sem er sett á hvern mánuð. Hvað geturðu sagt okkur um ástæðu þess að þetta er gert og af hverju þetta er gert á meðan það stendur úti krafa upp á sextíu og eitthvað milljónir?

- TJ. Þessi lotun, ég þarf nú bara að rifja það upp. Hvenær byrjar hún?
- AJ. Hún byrjar á miðju ári 2002.
- TJ. Á miðju ári 2002?
- AJ. Apríl/maí getur verið. Við erum auðvitað með gögn sem sýna þetta allt.
- TJ. Já, já. Það þarf bara að rifja það upp af hverju... hvernig... Það náttúrulega tengist því að við vorum að vonast til þess að ná lendingu við hann í þessu máli. Þannig er væntanlega þessi lotun til komin.
- AJ. Þannig að þið eru að lota niður þennan reikning eða hvað?
- TJ. Ekki kreditreikninginn.
- AJ. Ekki kreditreikninginn?
- TJ. Ekki sérstaklega. Það sem ég er að gera þarna, er bara að ég er að horfa á þessa greiðslu sem ég þarf að greiða honum á þessum tímapunkti. Við vorum ekkert, ég var ekkert með í huga, var ekkert að hugsa um þennan kreditreikning á þessum tímapunkti vegna þess að hann var náttúrulega í þannig fjárhagsstöðu. Ég gat alveg séð það fyrir mér að hann mundi ekkert getað haldið áfram að greiða hann og þess vegna hafði ég nefnt þetta hvort við ættum ekki að bakfæra hann og það gerist þarna fyrr á þeim tímapunkti. Þó ég muni ekki nákvæmlega hvað fór í gegnum huga mér akkúrat á þessum tímapunkti, þá hugsa ég að ég hefði nú reynt að fá hann, fá Jón til að fallast á það að bakfæra hann eða fella hann niður, en það bara kom aldrei til tals vegna þess að það hefði verið partur af einhverjum lokahnykk í málinu.
- AJ. Þannig að sem sagt lotunin er kreditreikningnum óviðkomandi og þeirri kröfu sem á bak við hann er?
- TJ. Já, lotunin er... Ég eins og ég segi, ég þarf að rifja það upp, ég bara man það ekki, ég þarf bara að rifja þetta upp. Ég get sjálfsagt ábyggilega fundið einhvers staðar gögn um það hvernig þessi tala er fengin. Hvað var þetta mikið á mánuði?
- AJ. Fjórar og hálf milljón á mánuði.
- TJ. Ég þyrfti bara að rifja það upp. Ég geri ráð fyrir því að hún tengist frekar þeim greiðslum sem að ég ætlaði að inna af hendi á þessu ári til þess að hjálpa honum út úr dæminu.
- AJ. Skýtur það ekkert skökku við að fyrirtækið sé að styrkja hann vegna þess að hann er að tapa svo miklu með svona fjárhæðum og á sama tíma er lifandi krafa á hann upp á hærri fjárhæð?



- TJ. Við byrjum að styrkja hann tölvuvert fyrr, við byrjum að styrkja hann 2000 líklega. Það er ekki náð lendingu með þennan kreditreikning fyrr en 2001 einhvern tímann um mitt ár þá eða hvenær sem að þeir luku því máli. Það er engin tengsl í sjálfu sér þarna á milli vegna þess að fram að þeim tímapunkti þá lá ekkert fyrir hvort að það yrði lending í því eða ekki. Ég held að þegar þeir ná lendingu að þá... eins og ég segi, ég get bara giskað á hvað þeirra fór á milli, hvort að það hafi verið vegna þess að Jón Gerald hafi talið þetta mundi nást samningar um meiri viðskipti eða eitthvað slíkt og þess vegna væri þetta inn í framtíðinni eða hvernig þeirra samningar þeirra í milli væri, ég bara þekki það ekki.
- AJ. Við skulum snúa okkur að hinum hluta af þessari færslu, það er að segja það sem snýr að SMS og við ætlum að sýna þér þetta bréf sem að koma frá SMS sem er skjal II/8.2. sem er bréf frá SMS, dagsett 30.6.2001 að fjárhæð 3,9 milljónir danskra króna. Geturðu gert grein fyrir tilurð þessa skjals og hvaða viðskipti voru á bak við það sem hér er verið að tala um?
- TJ. Já, það sem þarna er á milli... Má ég kannski hafa þetta fyrir framan mig. Það sem þarna er um að ræða er að við vorum búnir að ræða um það að efla innflutning frá Færeyjum eða frá Danmörku í gegnum Færeyjar vegna þess að þeir voru með miklu betri kjör heldur en við höfðum frá sömu aðilum í gegnum íslenska heildsala. Það sem við vildum gera var það að kaupa eða til að byrja með að "fókusera" á kaffi, en það voru fleiri vörur sem áttu að koma þarna til greina. Við höfðum talað um þetta á þessum tímapunkti þarna um vorið 2001 að fara í gang með þetta og það raunar byrjaði. Það sem gerist hins vegar síðan er það og hugmyndin var sem sagt sú að þeir myndu, við mundum taka allar okkar kaffivörur í gegnum hérna Færeyjar og fá síðan eftirágreiddan afslátt frá dönsku aðilunum sem að þeir höfðu fengið ári áður eitthvað í kringum 4 milljónir, 4,1 milljón. Þessar 3,9 eru þannig tilkomnar að við tókum þá tölu sem að þeir höfðu haft, raunar aðeins lægri vegna þess að við töldum að við værum það miklu stærri að við myndum fá meira. Hugmyndin var sú að við myndum nota þessa peninga í að auglýsa upp vöruna til þess að efla söluna á þeim og fá síðan afsláttinn sem að kæmi í gegnum þá. Síðan gerist það að við byrjum eitthvað aðeins á þessu, síðan koma íslenskir heildsalar að því og þeim er hótad að þeir munu missa sín kjör sjálfir ef að þetta haldi áfram þannig að þetta datt upp fyrir mjög fljótt aftur. Hins vegar að þá...

Þegar þetta fer í gang, þá er mér ekki, eða þegar að þetta liggur fyrir að þetta verði ekki af því þá er ég erlendis og ég frétti ekki af því og raunar þegar ég er að kalla eftir þessum kreditreikningi, þó að ég hafi ekki vitað það fyrr en eftir á, þá er þetta dottið upp fyrir og það kann að vera að það valdi misskilningi þegar við erum að tala saman út af þessum kreditreikningi. Við komum kannski betur að því síðar. En þetta er tilurð þess af hverju var farið í þetta.

AJ. Það sem sagt stóð til að þið flyttuð kaffi í gegnum Færeyja á ódýrara verði og þeir myndu hagnast, sem sagt SMS mundi hagnast...

TJ. Nei, SMS mundi ekkert hagnast af því. Þeir væru bara milliliður, þetta kemur eiginlega ekkert þeim við, heldur mundi það vera greitt í gegnum þá til okkar vegna þess að þetta kemur frá Danmörku. Þetta hefur engin áhrif á SMS, þeir bara áfram með sín vörukaup og sína afslætti. Þetta bara kemur beint áfram til okkar, þannig var hugsunin á bak við þetta.

AJ. Tímabilið á reikningum stínga í stúf við þetta. Tímabilið, eða þessi reikningur eða þessar yfirlýsingar af þessu eru aftur í tímann, en ekki fram í tímann.

TJ. Já, þetta er, ég segi það. Þetta er sjálfsagt bara út af þessari, ég er ábyggilega að gera þetta á sömu stundu og ég er með hitt málið og þetta er nú bara handvömm, þetta er bara della. Þetta er markaðsstyrkur sem var fyrir árið 2002. Við gerðum ráð fyrir því raunar að það yrði miklu meiri heldur en þessar 3,9 ef að okkur hefði tekist að ná þessu í gegn, þá hugsa ég að á svona, ef maður tæki svona fjögurra ára tímabil, þá erum við kannski að tala um tvö, tvö hundruð og fimmtíu milljónir í aukahagnað sem að kæmi út úr slíkum viðskiptum. En hins vegar var þetta bakfært þannig að þetta endaði aldrei inn í ársreikningi.

AJ. Nei, það er fært úr 31.12., er það ekki?

TJ. Já.

AJ. Fannst þér þetta fullnægjandi skjal til þess að byggja þessa færslu á?

TJ. Já, ég held það að á þessum tímamarki það þurfti bara að fá einhver... Þarna var bara verið að leita eftir svona fylgiskjali til þess að setja í bókhaldið. Hvort eð er kæmi endanlegt uppgjör um áramótinn og þá... ef allt hefði gengið eftir það er að segja, þá væri þetta bara upp í það mál. Þetta er nú bara svona eins og ég segi, bara hugsað sem kannski nokkurs konar bráðabirgða fylgiskjal til þess að taka inn í sex mánaða uppgjörið á þessum tímamarki.

Sveinn Ingíberg: En hvað lá á að vera færa tekjur inn í árshlutauppgjör 2001 varðandi einhverjar framtíðartekjur sem væri ekki einu sinni ljóst hvort yrðu eða yrðu ekki og byggt á einhverju skjali sem á að heita kreditreikningur en er ekki reikningur?

TJ. Á þessum tímamarki þá töldum við náttúrulega að þetta yrði, þetta var byrjað þegar við förum að ræða um þetta. Þegar ég er að kalla eftir þessu, þá er þetta byrjað þessar sendingar frá Danmörku í gegnum Færeyjar og ein ástæða fyrir því að það lá á að kalla eftir þessu, það var bara til þess að klára fylgiskjalið í bókhaldið til þess að hafa með í lokafærslunum þar. Síðan ætluðu þeir að borga okkur mánaðarlega markaðspeninga til þess að standa undir þessu, þessum auknu auglýsingum og kynningum. Það var hugsunin með þessu.

SI. Þér hefur þótt eðlilegt að tekjufæra þetta sem einhverjar framtíðartekjur? Er ekki venjan sú að tekjur eru ekki færðar fyrir en þær eru í hendi?

TJ. Jú, það hefði verið hin leiðin, hún hefði verið sú að ég myndi fara að hlutfalla þetta niður og fara síðan í gegnum alla aðra kreditreikninga sem við eigum von á frá íslenskum framleiðendum og öðrum. Í staðinn fyrir að gera það, þá er þetta tekið í einu lagi inn og klárlega... það sem það var bara hugsun þar bara til að gera þetta einfaldara vegna þess að örugglega hefðum við átt meira inni í afsláttum á þessum tímabili þegar við erum að gera sex mánaða uppgjörið heldur því sem nemur 40 milljónum króna eða eitthvað slíkt. Við hefðum farið að taka inn það sem að síðar kom í ársreikningi endanlega... þannig gerðum við það endanlega til þess að hafa frekar borð fyrir báru og þá var þetta bara tekið inn í einu lagi sem heildarmynd af því sem að við ættum þarna von á, þá er þetta frekar varlega áætlað mundi ég halda.

SI. En af hverju... ég skil ekki hvernig þetta getur orðið einhver handvömm að færa tímabilið aftur í tímann. Ég meina hvernig geta menn ruglast, það voru engin viðskipti á þessu tímabili sem tilgreinir?

TJ. Nei, en þú verður að átta þig á því eins og ég er kannski búinn að segja áður, ég kem til landsins í einhverja örfáa daga á þessum tímabilum, þá er ég bara og þá er maður með borðið fullt og maður þarf að klára fullt af málum og það er náttúrulega snögg soðning á ýmsum hlutum, það er að redda hér, ganga frá þessu því að maður er síðan farinn aftur til útlanda. Það er náttúrulega skýringin á því að þetta er ekki svona mál þar sem maður hefur nógan tíma, maður er á milljón fundum, maður er mál á milli og.

- AJ. Tryggvi, fyrirgefðu að ég grípi fram í. Skjalið er útbúið af Færeyingunum, það er ekki af þér, þeir voru ekkert að flýta sér.
- TJ. Nei, nei, en ég er að hringja í þá og segi: "Við erum að klára núna uppgjörið okkur vantar þetta til að stemma þetta." Þá er ég að tala við hann Niels...
- AJ. Af hverju færir hann inn vitlaus tímabil á skjalið.
- TJ. Væntanlega hefur hann fengið það frá mér vegna þess að ég hef verið með Ameríkureikninginn í huga eða eitthvað slíkt, haft hann fyrir framan mig eða eitthvað slíkt, þannig að ég hugsa að það sé frá mér komið þessi dagsetning, ekki frá honum.
- AJ. Þannig að það er klaufaskapur í báðum skjölunum að það eru vitlausar dagsetningar og allt önnur tímabil heldur en þau eiga að vera.
- TJ. Eins og ég sagði áðan, dagsetningarnar í Ameríkufylgiskjalinu skiptu engu höfuðmáli þar í mínum huga. Það var ekki "big issue." Þarna hins vegar þá er maður bara að kalla eftir þessu og...
- AJ. Hvernig var þetta framkvæmt. Hvernig kallaðirðu á eftir þessu og hvernig fékkstu skjalið sent?
- TJ. Við áttum... Eins og ég sagði um aðdragandann áðan, við vorum búnir að eiga fund um þetta áður úti og það voru byrjuð innkaup á kaffi frá Danmörku og svo framvegis. Síðan er ég þarna erlendis og kem þarna til baka og við vorum búnir að... það var búið að færa þetta og ég hringi fyrst á skrifstofuna til þeirra, ef ég man rétt til að spyrja eftir Nils, hann er úti á sjó, hann er úti á bát að sigla á milli eyja í Færeyjum og ég hringi í hann þangað og segi honum að við þurfum að klára þetta fylgiskjal sem að við höfðum talað um og hann þurfi að senda það til... Hann segist ætla að hringja í þabba sinn og síðan fæ ég þetta á faxi. Hann hringir í mig, ef ég man rétt, hann Hans, og spyr um textann eða eitthvað slíkt því að hann er annars vegar mjög lélegur í ensku og ég er hins vegar mjög lélegur í dönsku þannig að við töluðum yfirleitt ekki mikið saman, heldur talaði ég meira við Nils.
- AJ. Og hvernig kom þetta svo?
- TJ. Væntanlega kom þetta á faxi án þess að ég þori að fullyrða það. Ég myndi halda að það hafi komið á faxi.
- AJ. Hvað gerðirðu við skjalið?
- TJ. Væntanlega hef ég sett það í sama farveg og Nordica skjalið, sent það til KPMG.

- AJ. En hefurðu einhverja skýringu á því af hverju þetta var ekki á meðal fylgiskjala Baugs?
- TJ. Þá er það sama skýring og með Nordica skjalið, þá er þetta sent þarna uppeftir, þeir eru að ganga frá uppgjörinu og síðan senda þeir lokafærslurnar niðureftir og ég veit ekki hvaða fylgiskjöl þeir hafa látið með í því. Ég fylgdist ekki með því, því að maður var farinn aftur á brott.
- AJ. Eins og þú kannski veist, þá fórum við til Færeyja og könnuðum málið í bókhaldi SMS.
- TJ. Já.
- AJ. Þetta skjal og þessi viðskipti eru ekki skráð í bókhaldi SMS.
- TJ. Nei.
- AJ. Og það voru teknar skýrslur af þeim Nils og Hans Mortensen og ég ætla að lesa hérna kafla úr skýrslu Nils sem er tekin af honum 10. september 2002. Þá segir hann, ég les orðrétt upp úr skýrslunni: "Nils segir Tryggva Jónsson hafa hringt í sig um mitt síðasta ár í kringum júní 2001 og óskað eftir kreditreikningi frá SMS í Færeyjum. Nils kveðst hafa verið í Klakksvík þegar hann hafði fengið þetta símtal frá Tryggva. Hann tekur það fram að þeir Tryggvi hafi áður verið búnir að ræða þetta mál um að SMS gæfi út kreditreikning á Baug group hf. vegna viðskipta þeirra. Nils kveðst eftir símtalið við Tryggva hafa hringt í föður sinn, Hans Mortensen, sem er einnig framkvæmdastjóri SMS og beðið hann að útbúa þennan kreditreikning sem stílaður yrði á Baug hf. Nils segir föður sinn hafa gert það og kreditreikningurinn hafði verið sím-sendur til Íslands. Hann segir reikninginn hafi verið að fjárhæð danskar krónur 3.900.000 þúsund og dagsettur þann 30. júní 2001. Nils kveðst ekki hafa vitað í hvaða tilgangi Baugur hf. þurfti á þessum kreditreikningi að halda. Hann segir Tryggva ekki hafa skýrt sér frá því hvernig hann hyggðist nota kreditreikninginn í þágu Baugs hf. Nils segir að það hafi aldrei hvarlað að honum að Baugur hf. mundi nota reikninginn í bókhaldi Baugs, enda kveðst Nils vita að Tryggvi er löggiltur endurskoðandi. Nils kveðst hafa staðið í þeirri trú að forsvarsmenn Baugs ætluðu að nota þennan kreditreikning til að auka viðskipti Baugs og sýna fram á sameiginleg viðskipti Baugs og SMS. Hann segist hafa staðið í þeirri meiningu að kreditreikninginn ætti ekki að nota í bókhaldi Baugs, heldur væru um að ræða skjal sem nota ætti í innra starfi Baugs hf. Þetta hafi þeir Tryggvi þó ekki rætt sérstaklega. Nils kveðst hafa

verið búinn að ræða þessi sameiginlegu innkaup SMS og Baugs eða Aðfanga við Tryggva um nokkurn tíma. Hann segir að SMS kaupi vörur frá stórum vöruhúsum í Danmörku og nái mjög góðum vöruverðum í gegnum þau vöruhús. Nils segir forsvarsmenn Baugs hafa þá áttað sig á því að SMS var að ná miklu betri vörukaupasamningum við sína birgja heldur en þau kjör sem Baugi hf. var að bjóðast í gegnum umboðsaðila á Íslandi. Þeir Tryggvi hafi því rætt um það að SMS keypti vörur fyrir Baug eða Aðföng frá Danmörku og sendu til Íslands. Þannig hafi SMS þá átt að hafa milligöngu um betri viðskiptakjör fyrir Baug hf., en ekki hefði verið talað um að SMS yrði erlendur birgi fyrir Baug eða Aðföng. Nils segir að þeir hafi farið af stað með þessa hugmynd og SMS keypt kaffi frá vöruhúsinu Kraft General Foods í Danmörku sem hafi verið ætlað á markað hjá SMS í Færeyjum sem og markað hjá Baugi hf. á Íslandi. Um hafi verið að ræða Maxwell kaffi og Gevalia kaffi. Nils segir þessa viðskiptahugmynd í raun hafa verið andvanafædda, umboðsmenn Maxwell og Gevalia á Íslandi hafi náð að stöðva þennan innflutning á kaffi framhjá þeim." Síðan segir hann: "Nils kveðst nú vilja breyta framburði sínum og skýra frá því hvernig þetta raunverulega átti sér stað. Nils segir það rétt sem hann hafi áður sagt um það um það að Tryggvi hafi hringt í sig um mitt ár 2001 og kveðst Nils þá hafa verið staddur um borð í ferjunni á leið til Klakksvíkur þegar það símtal átti sér stað að morgni til um klukkan 11:15 til 11:21. Þetta hafi verið stutt samtal og kveðst Nils telja að Tryggvi hafi verið að hringja frá Íslandi. Hann segir að Tryggvi hafi óskað eftir tilhæfulausum kreditreikningi frá SMS stíluðum á Baug hf. að fjárhæð danskar krónur 3.900.000. Hann segir Tryggva hafa gefið honum upp texta kreditreikningsins sem hafi átt að hljóða á eftirfarandi hátt: " We confirm that Bonus Iceland share af marketing support from Dagrofa, July 1. 2000 til June 30.2001 amounts Danish kronur 3.900.000. " Nils kveðst hafa hringt í föður sinn, Hans Mortensen og beðið hann um að útbúa þennan reikning fyrir Tryggva. Hann segir föður sinn hafa útbúið kreditreikninginn að beiðni og forskrift Tryggva og sent hann með símbrefi til Íslands. Þannig segir Nils að frumrit kreditreikningsins sé ennþá varslað hjá SMS. Nils tekur það fram að Baugur hf. eigi 50% í SMS og því séu þeir mjög háðir Baugi hf. á margan hátt. Nils ítrekar að hvorki hann né Hans Mortensen hafi vitað á hvaða hátt Tryggvi hafi ætlað að nota þennan kreditreikning í þágu Baugs. Hann segir Tryggva ekki





hafa skýrt frá því hvernig hann ætlaði að nota reikninginn. Nils segir að þessi kreditreikningur hafi ekki verið útbúinn á reikningsform SMS heldur bréfsefni SMS og ekki hafi verið skráð reikningsnúmer á kreditreikninginn, enda hafi aldrei staðið til að skrá þennan kreditreikning í bókhaldi SMS. Þessi kreditreikningur hafi verið með öllu tilhæfulaus og engin viðskipti á bak við útgáfu reikningsins. Þannig segir að þau kaffiviðskipti sem hann hafi skýrt frá hafi á engan hátt tengst útgáfu þessa kreditreiknings. Aðspurður kveðst Nils ekki hafa rætt þennan kreditreikning frekar við Tryggva og raunar hafi þessi reikningur ekki komið til tals fyrr en í síðustu viku. Hann segir að mánudaginn 2. september 2002, hafi Tryggvi hringt í sig og óskað eftir fundi við Nils í Kaupmannahöfn. Jafnframt því sem Tryggvi hafi lauslega skýrt sér frá því sem gerst hafi á Íslandi, að lögreglan hafi framkvæmt húsleit á skrifstofu Baugs og Tryggvi verið handtekinn. Nils kveðst hafa verið í viðskiptaferð í Danmörku þegar Tryggvi hafi hringt og því hafi hann átt auðvelt með að hitta Tryggva í Kaupmannahöfn. Hann segir Tryggva hafa óskað eftir því að þeir hittust á Hilton hótelinu við flugvöllinn í Kaupmannahöfn, þar hafi þeir hist síðdegis þriðjudaginn 3. september 2002. Nils segir Tryggva hafa skýrt honum nánar frá aðgerðum lögreglunnar á Íslandi og jafnframt því sem Tryggvi hafi rætt um kreditreikninginn sem hann óskaði eftir um mitt ár 2001 og rætt hefur verið um í skýrslu þessari. Nils segir Tryggva hafa óskað eftir því að Nils gæfi lögreglu ranga skýringu á tilurð kreditreikningsins ef lögreglan kæmi til með að spyrja hann út í þennan kreditreikning. Þannig hefði Tryggvi komið upp með þær tilhæfulausu skýringar að þessi kreditreikningur tengdist sameiginlegum innkaupum á kaffi frá Kraft. Nils kveðst hafa gefið honum vilyrði fyrir því að gefa lögreglu þær skýringar. Hann kveðst því í upphafi þessa skýrslutöku hafa farið að óskum Tryggva og ætlað að skýra ranglega frá tilurð kreditreikningsins. Nils kveðst hins vegar hafa áttað sig á því við yfirheyrsluna að sú saga gekk hreinlega ekki upp og talið best að skýra satt og rétt frá." Hans Mortensen faðir hans var yfirheyrður um sama hlut og hann lýsir í sinni skýrslu því að kreditreikningurinn eða kredityfirlýsingin hafi verið tilhæfulaus og staðið til að gefa þessa skýringu í upphafi, en vegna þeirra viðskiptahugmynda sem þú varst að nefna hérna áðan að það sé ekki rétt. Er þetta rétt sem þeir eru að segja?

TJ. Sumt og ekki annað. Það er rangt að ég hafi fengið hann til að fara að ljúga að lögreglunni, það er rangt.

AJ. Hittirðu hann í Kaupmannahöfn?

TJ. Ég hitti hann í Kaupmannahöfn. Ég var að fara úr stjórn SMS á þessum tíma og hann var þarna staddur í Kaupmannahöfn og við vorum að fara yfir mikið af málum sem tengdust stjórnarmálum, það var fyrst og fremst þeir voru að stækka húsnæðið og setja upp Burger King og gera eitt og annað og við eyddum tímanum fyrst og fremst í þau mál. Síðan hafði hann ekki heyrt neitt um lögreglurannsóknina á Íslandi sem að mér fannst skrytið af því að það skyldi ekkert hafa komið í fréttum í Færeyjum og þá fórum við að tala, þá fór ég að tala um það, sem sagt segja honum frá því sem hafði gerst hérna heima. Síðan fórum við að tala um kreditreikninginn, það er að segja, hvernig hann hefði til komið, ekki kreditreikninginn, heldur þessi viðskipti, þessa hugmyndafræði á bak við það, en að hann hafi átt að ljúga, það er ekki rétt.

Sveinn Ingiberg: Af hvaða tilefni verður til umræðu um kreditreikninginn á þessum tímapunkti?

TJ. Þarna úti?

SI. Já?

TJ. Vegna þess að það kom í ljós eða þegar við fórum að vinna í þessu máli... Við fórum náttúrulega að skoða málið, hvað er að gerast þarna eftir lögreglurannsóknina og þá kemur í ljós að þær eru færðar saman í fylgiskjali þessir tveir kreditreikningar þannig að maður dró þá ályktun að það yrði nú bara spurning hvenær það mundi koma upp og þið mynduð vilja fara að ræða það og þessvegna fór ég að tala um það við hann. Við fórum að tala um þessi viðskipti þarna saman. En hins vegar er það alveg ljóst að þessi viðskipti og ef þið hefðuð spurt hann um þessi viðskipti á sínum tíma og hvað stóð til, hvaða afleiðingar það hefði haft ef það hefði tekist, þá bara er þetta þannig tilháttað. Þetta er bara svoleiðis.

AJ. Þetta er rangt hjá honum þá eða hvað, þeim. Ertu að segja það?

TJ. Það er rangt að ég hafi sagt honum að ljúga að lögreglunni, það er rangt.

AJ. En er það rangt að það hafi aldrei verið neitt á bakvið þetta skjal og þessar viðskiptahugmyndir hafi aldrei verið í gangi?

TJ. Nei, þessar viðskiptahugmyndir voru klárlega í gangi.



- AJ. Ertu að segja að þetta skjal hafi þá verið byggt á þessum viðskiptahugmyndum og þeim tekjum sem þetta á að gefa?
- TJ. Já, það er mín hugsun þegar ég fer af stað. Það sem ég veit ekki um þegar að þarna kemur og það kemur ekki í ljós fyrr en seinna, að það var búið að slökkva á þessari hugmynd. Ég vissi ekki af því að íslenskir heildsalar hefðu stoppað þetta af. Þannig að þegar ég er að hringja og tala við hann Nils, þá kannski heldur hann... Þá erum við kannski að tala í norður og austur. Ég er að tala um að þessi viðskipti verði útbúin á reikning sem við höfðum talað um og svo framvegis og hann kannski misskilur þetta eitthvað.
- AJ. Mér finnst þetta vera mjög skýrt sem hann er að segja sem ég var að vitna hérna í. Mér finnst þetta vera greinargóð skýrsla, það á ekki að vera neinn misskilningur í því. Hvaða ástæðu hafa þessir feðgar til þess að fara að búa til þessa sögu og saka þig um svona alvarlega hluti?
- TJ. Ég hugsa að þeir hafi bara verið hræddir.
- AJ. Heldur þú að við höfum kallað þá eftir þessu eða hvað?
- TJ. Nei, þegar þið mætið á svæðið, ég held að þeim hafi brugðið dálítið. Ég held að það sé ein ástæðan fyrir því, annars veit ég það ekki. En mín spurning er kannski frekar sú, nú liggur það fyrir að þetta er bakfært, það liggur fyrir að þetta er ekki fjárdráttur. "What's the point." Hvað eruð þið að reyna að fá hérna fram, hvað er "issuið."
- AJ. Við erum að rannsaka hvað raunverulega átti sér stað.
- TJ. Já.
- AJ. Það er ósköp einfalt.
- TJ. Gefum okkur það að þetta sé...
- AJ. Þið hafið verið sakaðir um það að hafa í báðum þessum tilvikum varðandi báða þessa reikninga látið útbúa tilhæfulaus skjöl til nota í bókhaldi Baugs.
- TJ. Til að bæta afkomu Baugs?
- AJ. Það er einmitt næsta spurning. Til hvers þarf að gera svona?
- TJ. Ef að það er hugsun ykkar, snýr þetta ekki að Baugi þetta mál?
- AJ. Það snýr náttúrulega að þeim sem að framkvæmdu þetta og þú varst þarna í framkvæmdinni í báðum tilvikum.
- TJ. Að búa til reikning upp á 40 milljónir þegar að þú ert að velta á hálfu ári, þú ert að velta á einu ári hátt í 30 milljörðum og á hálfu ári, þá er desember ekki

inn í, þá ertu að velta 14 milljörðum eða einhverri slíkri tölu 12 til 15 milljörðum. Þetta er bara... þetta bara meikar ekki...

Sveinn Ingiberg: Stefán Hilmarsson, endurskoðandi, hann segir að þessi tekjufærsla upp á 108 milljónir rúmlega hafi bætt afkomuna í milliuppgjörinu fyrir árið 2001 um 20%.

TJ. Hver var afkoman í sex mánuði þá. 108 milljónir...

AJ. Hann segir þetta. Við höfum látið reikna þetta út fyrir okkur líka, okkar endurskoðendur og það er mjög nálægt lagi að það sé þannig, þannig að hagnaðartalan, hún breytist um 20% prósent ef að þessar 108 milljónir eru teknar með í reikninginn.

TJ. En þá hefði þið nú væntanlega ekki verið að taka til baka í ársuppgjörið.

AJ. Ég skal ekkert segja um það.

TJ. Nei, ég meina...

Sveinn Ingiberg: En hvernig má það vera, við erum með hérna með plagg frá SMS í Færeyjum, sem heitir kreditreikningur sem er þá ekki á reikningsformi félagsins. Hann stenst ekki nánari skoðun þegar það er verið að skoða dagsetningar þess tímabils sem reikningurinn er sagður eiga við. Hann er ekki færður í bókhald þess fyrirtækis í Færeyjum og ekkert um þennan reikning. Auk þess segja báðir forsvarsmenn fyrirtækisins, feðgarnir í Færeyjum, að þetta sé tilhæfulaust plagg útbúið að þinni beiðni. Sömuleiðis erum við með Jón Gerald Sullenberger í Bandaríkjunum sem rekur fyrirtækið Nordica, hann segist hafa útbúið tilhæfulaust plagg í ágúst 2001 að þinni beiðni, alveg tilhæfulaust, byggi ekki á neinum viðskiptum. Það er ekkert til í bókhaldi Nordica um þann reikning. Báðir þessir reikningar komu inn á síðustu stundu fyrir milliuppgjör ársins 2001 og eru færðar til tekna. Hvorugur reikningurinn stenst skoðun nema sérstakar skýringar komi með til viðbótar. Hvernig skýrirðu þetta allt saman?

TJ. Ég er búinn að segja það. Ég skal fara í gegnum það aftur. Í fyrsta lagi er ekki hægt að blanda þessu tveimur saman af því að þetta eru mjög ólík mál. Nordica...

AJ. Þetta er nú fært í einni færslu í bókhaldi Baugs.

TJ. Já, það er þá ákvörðun þeirra sem er að færa færslurnar, en ekki okkar.

AJ. Hvenær var þér það ljóst fyrst?

TJ. Að þetta var fært í einni færslu?

AJ. Já?

TJ. Bara í haust þá eða í framhaldi af ykkar heimsókn eða eitthvað slíkt. Það liggur ekkert fyrir að þetta sé ein færsla þegar við erum að... Þetta eru tvö mál aðskilin mál, hafa ekkert sameiginleg nema það að ég er að klára þessi mál á þessum tveimur eða þremur dögum sem ég er á landinu. Annað málið tengist alfarið Jóni Ásgeiri og Jóni Gerald og einhverju margra ára uppsöfnuðu máli að því sem mér skilst og það kemur einhvern lending í það mál. Hitt málið snýr að viðskiptum sem við ætluðum að fara af stað með og það sem að gerist þar hins vegar eru mistökinn að það verður ekki af þessum viðskiptum eða það er að segja, þau eru stoppuð, ég veit ekki af því fyrr en eftir á. Ég kalla eftir þessum reikningi til þess að klára þetta mál og síðan kemur það í ljós að það er ekki rétt vegna þess að það varð ekki af þessum viðskiptum og þá eru þau bakfærð. Af hverju þeir feðgar segja þessar sögur, það get ég bara giskað á. Ég veit ekki af hverju þeir gera það. Það held ég að hafi fyrst og fremst verið einhver hræðsla eða jafnvel að annar hafi talið að hinn hafi gert eitthvað rangt. Ég veit ekki hvort ykkur er kunnugt um það að Hans missti konuna sína á þessum tíma og hann var ekki í neinu sambandi svona eftir langvarandi veikindi. Ég veit ekki hvort að Nils hafi haldið að hann hafi gert eitthvað eða eitthvað slíkt og... ég get bara giskað á það, enda skiptir það engu máli. Málið er það að ég fer fram á þennan reikning frá Færeyjum á eðlilegum forsendum og að bestu vitund, minni persónulegri bestu vitund á þeim tíma. Það kemur síðan í ljós að það varð ekki að þessum viðskiptum og þá eru þau bakfærð. Þannig er málið.

AJ. Hvenær varð það ljóst að ekki yrði að þessum viðskiptum. Hvenær greip innflytjandinn inn í?

TJ. Þessir innflytjendur?

AJ. Já?

TJ. Ég veit ekki hvenær það var.

AJ. Þú veist ekki hvenær það var?

TJ. Nei.

AJ. Getur það hafa verið áður en að þessi reikningur er gefinn út?

TJ. Já, það er áður, en ég bara veit ekki af því og þess vegna erum við að tala út og suður þegar við erum að tala saman. Nils hefur sjálfsagt <sup>látið</sup> Aðföng vita af því eða einhvern annan vita af því að það yrði ekkert meira af þessu, en ég veit

ekki af því af því að ég er aldrei á landinu. Mér er ekki kunnugt um það og þess vegna er ég að kalla eftir þessum reikningi og ég er með þetta í huga. Hann kannski skilur það ekki, hann kannski heldur að þetta sé út af einhverju allt öðru, einhverjum fundi eins og þú varst að nefna þarna áðan.

AJ. Þú sem sagt heldur því fram að þú hafir talið að þessi viðskipti væru í gangi?

TJ. Já.

AJ. Kaffiviðskiptin?

TJ. Já, að við værum að fara að byggja upp þessi kaffiviðskipti sem mundi leiða til að minnsta kosti þessarar fjárhæðar þegar upp væri staðið.

AJ. Og þegar að þú pantar þessa fjárhæð, kannarðu þá ekki hvort að viðskiptin standi yfir eða ekki?

TJ. Ég hafði enga ástæður til að ætla annað heldur en að þau stæðu yfir. Þau fóru í gang, við ræðum þetta mál saman og síðan heyri ég ekkert meira um málið. Ég bara geng út frá því að þau séu ennþá í gangi, ég veit ekki betur. Svo heyri ég það seinna um haustið að þau dattu upp fyrir og þá eru þessi viðskipti bakfærð líka, eða þessi reikningur bakfærður.

Sveinn Ingiberg: En hvaða endemis þvæla er þetta. Viðskiptin eru hætt um mitt ár, þú þykist ekkert vita af því, en samt ferðu að hringja þarna til Færeyja til að biðja um kreditreikning út af einhverjum viðskiptum sem aldrei urðu?

TJ. Sjáðu til. Þarna eru tvö hlutverk í gangi. Það er annars vegar hitt ég hann, hann er að... og við erum að tala um þessi viðskipti sem hann hefur milligöngu um gagnvart Aðföngum, ég tek ekki þátt í pöntunum þar eða neitt slíkt. Þetta kemur til tals þarna á okkar samtali þarna á vormánuðunum.

AJ. Fyrirgefðu, voru Aðföng viðskiptaaðili SMS í þessu kaffimáli?


TJ. Þau kaupa vörurnar inn síðan.

AJ. Af hverju er Bónus þá fært inn á færsluskjalið?

TJ. Þeir áttu... Ja, það er vegna þess... Bónus?

AJ. Af hverju er þessi styrkur færður á Bónus í upphaflega færsluskjalinu, í texta færsluskjalsins?

TJ. Jú, væntanlega vegna þess að þetta var þá sérmerkt kaffi. Allar vörur sem eru merktar Bónus, þér eru... Aðföng sér um að panta þær inn, sér um að tollafgreiða þær og slíkt þó að Bónus sé endanlegur greiðandi eða eitthvað slíkt. Þá er þetta... ef þetta er sérmerkt kaffi, til dæmis Bónuskaffi eða eitthvað slíkt, þá er það vegna vara sem tilheyrir Bónus.

- AJ. Af færsluskjalinu má ráða að þessi fjárhæð hafi átt að færast inn á Bónus.
- TJ. Já, út af því að þetta hefði átt að nota þá í Bónuskaffi eða vörur sem eru sér...
- AJ. Ef að Aðföng gera viðskiptin, þá náttúrulega færist þetta ekki á Bónus?
- TJ. Það fer allt í gegnum Aðföng, líka vörur sem að tilheyra bara ákveðinni keðju. Þó að þau endi þar, þá sér Aðföng um að panta inn eða að ganga frá tollsendingum og öllu slíkt.
- AJ. Þannig að viðskiptin voru á milli SMS og Aðfanga varðandi þessa kaffihugmyndir, ertu að segja það eða?
- TJ. Ekki milli aðalskrifstofu það er ljóst, við ætluðum ekki að drekka þetta kaffi sjálfir.
- AJ. Ekki milli Bónus og SMS beint?
- TJ. Ja, það getur... Það er það sem ég er að segja að þó að það sé beint á milli Bónus og SMS, þá munu Aðföng alltaf sjá um að tollafgreiða hlutina og sjá um að taka þetta inn á vöruhús hjá sér og senda þetta út til sín þó að það sé vegna Bónus. Ég skil ekki hérna að afslátturinn sé færður...
- AJ. Já, færsluskjalið ber það með sér að þessi viðskipti séu við Bónus annars vegar og Aðföng hins vegar.
- TJ. Afslátturinn átti að færast á aðalskrifstofu, en ekki hjá Bónus eða sem sagt viðskiptakröfuna það er að segja.
- AJ. Já, við skoðun þessi fylgiskjöl kannski rétt bráðum. En það er alveg ljóst hvað  þeir halda fram þessi tvö vitni sem hafa gefið, annar þeirra tvær lögregluskýrslur og hinn eina formlega með undirskriftum en aðra svona óformlega að viðstöddum lögmönnum og endurskoðandi SMS hefur gefið okkur yfirlýsingu um að þetta sé úr þeirra bókhaldi og þeirra viðskiptum óviðkomandi þetta plagg. Þannig að hann heldur því fram hann Nils í þessum kafla sem ég var að lesa fyrir þig hérna áðan, að þú hafir raunverulega pantað þetta án þess að nokkuð væri á bak við það.
- TJ. Eins og ég segi, ég kalla eftir þessu vegna þess að við vorum búnir að ræða um þetta áður og síðan kemur það í ljós sem að ég veit ekki af á þessum tímapunkti að þessi viðskipti voru hætt. Þess vegna segir hann væntanlega að það hafi ekkert verið á bak við þetta vegna þess að það er út af þeim forsendum sem að ég er að panta þetta...
- AJ. Nei, nei, hann segir að þessi saga hafi verið ákveðin endanlega þarna úti í Kaupmannahöfn.

- TJ. Það er bara ekki rétt.
- AJ. Að þessi skýring yrði gefin lögreglu ef að einhver mundi fara að spyrja um það.
- TJ. Það er bara ekki rétt.
- AJ. Hann rekur þessa sögu áður. Þess vegna var ég nú með allan þennan langa aðdraganda af því að þú ert með sömu sögu eins og hann hefur fyrst og svo snýr hann henni við og játar á sig raunverulega alvarlega hluti að hafa búið til handa ykkur plagg sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Maður skilur ekki almennilega tilganginn með þessu hvað getur verið á bak við það.
- TJ. Nei, nei.
- AJ. Sérð þú eitthvað slíkt, hvaða skýring önnur getur verið á þessu heldur en bara að hann sé að segja satt?
- TJ. Nema hræðsla. Hann hringdi í mig skömmu eftir að þið voruð þarna, grátandi í símann og sagði mér hvað hann hefði sagt. Ég veit það alveg og ég sagði honum að ég mundi segja sannleikann. Ég held mig við það.
- Sveinn Ingiberg: Ef þetta var allt svona eðlilegt þrátt fyrir allt sem lítur svona undarlega út. Af hverju þurfti þá að ræða þetta sérstaklega þarna á þessum fundi í Danmörku eftir að þú losnar hér, hvað er þetta tveimur dögum eftir að þú losnar frá okkur, þá ertu kominn til Kaupmannahafnar að ræða við forsvarsmenn SMS og farinn að ræða þennan kreditreikning.
- TJ. Tveimur dögum?
- SI. Þetta er 2. september.
- TJ. Já.
- SI. Þú ert hér í haldi...
- TJ. Ég fer út... Þið komið á miðvikudegi til mín. Ég fer út á þriðjudegi, líklega vikuna eftir.
- AJ. Þú ert laus úr haldi 29.
- TJ. Sem er fimmtudagur. Þá er eftir föstudagur, laugardagur, sunnudagur og mánudagur og ég fer þarna út á þriðjudegi. Ástæðan fyrir því að ég var að fara þarna út er vegna þess að ég var að fara síðan til Bandaríkjanna í beinu framhaldi af því og var þar síðan í dágóðan tíma. Auðvitað kemur þetta til tals þar, ég meina, þetta er dálítill upplifun þó að það sé kannski fréttir fyrir ykkur, þá var þetta dálítið sérstakur tími hjá mér.



- SI. Já, já, en hver er ástæðan fyrir því ef að þetta er fullkomlega löglegur kreditreikningur og ekkert athugavert við hann að þið þurfið að fara að ræða hann sérstaklega á þessum fundi sem hafði verið útbúinn í ágúst 2001. Allt í einu dúkkar hann upp í umræðum þarna úti.
- TJ. Já.
- SI. Af hverju?
- TJ. Vegna þess að þetta kemur... eins og ég segi, við erum að tala um lögreglurannsókn og við erum að tala um það að þarna er verið að spyrja um þennan kreditreikning þarna frá Bandaríkjunum sem að síðan kemur í ljós að á sama tíma er verið að ganga frá hinu vegna þess að ég var að vinna í þessu á sama tíma. Það lá fyrir á þeim tímapunkti vegna þess að við vorum búnir að bakfæra hann, þá vissi ég ósköp vel að sá reikningur á þeim tímapunkti að hann var ekki réttur vegna þess að ég taldi að hann væri réttur, en hann vissi betur og það var misskilningur þarna á milli. Þess vegna kemur hann til umræðu. Það er ekkert... Það er ekkert óeðlilegt við þetta. Reyndu að setja þig í þessi spor. Auðvitað er hann náttúrulega sleginn yfir þessu hvað er að ske og svo allt í einu eruð þið mættir til hans út af kreditreikningi sem að var bakfærður í ársreikningi. Hvað á hann að halda.
- AJ. Eigum við að fara yfir færsluskjölin. Við gerum hlé klukkan 16:52.
- AJ. Klukkan 16:57 þá höldum við áfram.
- TJ. Ég vil bara að taka það fram að hafi það verið eins og kom hérna fram áðan, að hafi það verið tilgangurinn að blása upp tekjurnar, að þá hefði ég annars vegar getað farið nákvæmlega ofan í þá kreditreikninga sem að samið er um og komu yfirleitt í færslu í árslok og tekið hlutfall af þeim inn í sem hefði þá væntanlega gefið meiri tekjur og síðan höfum við örugglega átt inni sæmilega inneign inn á hlutdeildarhagnaði Arcadia á þessum tímapunkti. Þetta er bara ekki rétt, þetta stenst ekki.
- AJ. Þá skulum við aðeins fara yfir færsluskjölin varðandi þessa færslu, 108.594.000 krónur. Fyrst er það fylgiskjal úr bókhaldi Baugs númer I 00743. Í bókhaldskerfinu þá er færslan dagsett 30.6.2001 samkvæmt þessu skjali. Textinn er þarna: "Lokafærsla kreditreiknings samkvæmt JÁJ, fært debet á tekjur utan samstæðu án virðisaukaskatts og kredit á biðreikning." Þetta er

fært þann 17.10. Færslan er framkvæmd þann 17.10.2001. Þetta er dagbókarfærslan hún er framkvæmd þarna 17.10.

TJ. Já, ég meina, ég dreg þetta ekkert í efa.

AJ. Þetta er fært til gjalda.

TJ. Til gjalda. Kreditreikningur.

AJ. Þetta er fært hérna debet á tekjur utan samstæðu, kredit á biðreikning.

TJ. Það er, ég hef ekki heyrt það fyrr. Þá hlýtur þá að vera leiðrétt.

AJ. Þú sérð færsluna sjálfur, er það ekki rétt?

TJ. Ég trúi ykkar bara hvað þið segið.

Sveinn Ingiberg: Hér er lokafærsluskjalið frá KPMG.

TJ. Já.

SI. Það er þessi...

TJ. Hérna er kredit, kostnaðarverð seldra vara kredit og krafa debet.

SI. Eins og þú sérð hvernig þetta er fært með fylgiskjali...

TJ. Bókarinn hefur þá bara einfaldlega snúið við færslum vegna þess að það mundi ekki stemma eigið fé ef að þú gerið það öðruvísi heldur en gert er í uppgjörinu sjálfu. Ég hef raunar ekkert heyrt af þessu fyrr. Þetta er bara einhver... Er þetta ekki leiðrétt, það hlýtur að vera, það er ekki spurning um annað.

AJ. Þetta er bara ranglega fært segirðu?

TJ. Já, þetta er bara sá sem er að bóka þetta, bara snúið þessu við, enda kemur hérna fram kredit, það er alveg ljóst.

AJ. Þetta færsluskjal, hvar verður það til?

TJ. Þetta hérna?

AJ. Já, númer 743?

TJ. Þetta kemur frá KPMG. Annars hef ég ekki séð það áður. Þú varst að segja það raunar að þetta hafi komið frá KPMG.

Sveinn Ingiberg: Já, það eru þær skýringar sem við höfum fengið.

TJ. Já, já. Þetta eru bara týpisk vinnubrögð, það er verið að klára uppgjör og það koma fullt af lokafærslum og svo er það tekið saman í form og sent inn í bókhald.

AJ. Það segir hérna í textanum í færsluskjalinu: "Kreditreikningur frá erlendum birgjum." Eða "kreditreikn. frá erlendum birgjum samkvæmt JÁJ. Inn í sviga stendur (sjá ljósrit af reikningi, dagsettum 30.6. færa hjá aðalskrifstofu 30.6.

þegar greiðsla berst. Bakfæra þá og færa hjá Aðföngum 61.915.000 og 46.679.000 hjá Bónus.)" Geturðu eitthvað úrskýrt þennan texta?

TJ. Já, já, það held ég nú. Annars vegar þá er þetta krafa sem er færð á aðal-  
skrifstofunni, en þegar að greiðsla berst, þá á að taka þetta inn í gegnum  
Aðföng vegna þess að þetta eru viðskipti sem upphaflega fóru þar í gegn. Ef  
þetta hefði verið strax sett í Aðföng, þá mundi það hafa verið skuldajafnað á  
móti reikningum sem voru nýir að berast þaðan. Varðandi hitt, þá er þetta  
afslættir sem áttu að færast hjá Bónus til tekna. Þessi aðferð kemur raunar frá  
Færeyingunum að tekjufæra þetta á aðalskrifstofuna og geyma þetta þar því að  
það er sama og þeir gera sjálfir við eftirágreidda afslætti hjá sér. Þá er það  
aldrei sett beint í verslanakeðjurnar vegna þess að þá taka yfirleitt verslunar-  
stjórnir það og nota til þess að lækka vöruverðið og lækka framleiðni<sup>legðina</sup> ~~leirni~~.  
Hugsunin með því að hafa eftirágreiddan afslátt er einmitt að gera það ekki,  
heldur til þess að fá meira út úr dæminu. Það er hugsunin ábyggilega á bak  
við þetta.

AJ. Áttir þú einhvern þátt í að semja þennan texta?

TJ. Nei, en þetta er bara <sup>common sense</sup> "~~come-on-sence~~" svona myndi ég halda fyrir þá sem eru  
vanir.

AJ. Þannig að tekjufærslan á einhverjum markaðsstyrk, er það eðlilegt, var ekki til  
einhver sérstakur lykill fyrir slíkar færslur annar heldur að færa þetta svona?

Sveinn Ingiberg: Þetta er fært á kostnaðarverði seldra vara til lækkunar á vöru-  
kaupum, en svo er kreditreikningurinn frá SMS vegna markaðsstuðnings og er  
eðlilegt að færa það vörukaup?

TJ. Já, af því að þetta er uppígreiðsla upp í eftirágreidda afsláttinn. Afslættir eru  
alltaf færðir til lækkunar á kostnaði seldra vara.

SI. En nú er ekki einu sinni afsláttur orðinn til?

TJ. Nei, en hann er ekki orðinn til á þessum tímapunkti, en það eru aðrir afslættir  
sem voru orðnir til á þessum tímapunkti og þess vegna var þetta tekjufært í  
einu lagi í staðin fyrir það að fara í vinnu við það að finna hvað væri komið út  
frá hverjum og einum fyrir sig. Það hefði allt farið til lækkunar á kostnaðar-  
verði seldra vara því að það hefði allt verið afslættir. Þetta er... heildarmyndin  
er réttari með því að gera þetta svona heldur en að gera þetta nokkurn veginn  
öðruvísi.

SI. Að byggja þetta á einhverjum væntanlegum tekjum sem aldrei...

- TJ. Nei, ég er að tala um að færa þetta til lækkunar á kostnaði seldra vara.
- AJ. En tekjurnar... þú ert sem sagt að segja það að það hefði verið eðlilegt að færa þetta sem tekjur?
- TJ. Nei...
- AJ. Þrátt fyrir að tekjur væru komnar eða í hendi.
- TJ. Til lækkunar. Eins og ég sagði, þetta er fært ekki sem tekjur, heldur til lækkunar á kostnaði.
- AJ. Já, þetta kemur út í tekjum.
- TJ. Já, þetta er tekjufærsla, já, já, þetta er kreditfærsla.
- AJ. Já.
- TJ. Það er vegna þess að ef þú hefðir tekið þetta eitt og sér... Stundum eru menn að flýta sér en stundum er gott að hafa nógan tíma og gera hlutina vel. Ef að ég hefði verið aðalbókari og væri bara að dunda mér við þetta, þá hefði ég sjálfsagt farið í það að hlutfalla þetta niður, kalla eftir... reikna út áfallna afslætti, áætla áfallna afslætti á önnur vörumerki og tekjufæra þetta svoleiðis. Þá er ég nokk hræddur um það að það hefði verið hærri tala heldur en hér er um að ræða, en það er hins vegar ekki gert, heldur er bara þessi tala tekin og hún færð. Þannig er heildarmyndin á uppgjörinu á þessum tímapunkti, hún er rétt og varfærin myndi ég halda ef eitthvað væri. Ef við höfum ætlað að hafa þetta betra, þá hefðum við getað farið á fullu í afslættina, við hefðum getað farið á fullu í ýmis fleiri mál, en það er bara ekki svoleiðis.

Sveinn Ingiberg: Nú eigið þið 50% hlut í SMS eða Baugur.

- TJ. Já.
- SI. Það er þarna hlutdeildaruppgjör gagnvart Baugi, er það ekki?
- TJ. Jú, jú, við tökum 50% af, já, já.
- SI. Var við þetta árshlutauppgjör, var tekið mið af því gagnvart stöðinni hjá SMS að þar inni væri þessi kreditreikningur? /m
- TJ. Nei, þetta... Eins og ég sagði, þetta kemur ekkert beint í gegnum SMS vegna þess að þetta á að koma í endann frá erlendu birgjunum, frá framleiðandunum á kaffinu eða þeim sem eru að selja okkur. Þessar færslur áttu aldrei að hafa nein áhrif á SMS, þetta er viðbótarsala til Íslands sem að við fáum síðan afsláttinn af beint, það er hugsunin.
- AJ. Færist að sjálfsögðu í bókhaldi SMS eftir sem áður viðskiptin sjálf ef þau væru eðlileg og einhver fótur fyrir þeim.

- TJ. Þegar þessi kaffisala átti sér stað, þessir gámar sem voru byrjaðir að flytja inn, spurðu þið þá um það hvernig það var fært í bókhald SMS?
- AJ. Við fengum allt um það.
- TJ. Og er það fært inn hjá þeim og út aftur sem sala. Ég held ekki, ég held að þetta sé ekkert fært í bókhaldinu.
- AJ. Jú, jú, það er fært.
- TJ. Þá bara í gegnum viðskiptareikninga.
- AJ. Já, það getur verið.
- TJ. Já, ekki sem tekjur og gjöld því að þeir eru ekkert að kaupa inn vöruna og selja okkur hana aftur með einhverri álagningu, þeir eru bara milligönguaðili. Þetta hefur engin áhrif á rekstraruppgjör hjá þeim og á ekki að gera það.
- AJ. Þannig að þú ert sem sagt að segja að þér hafi fundist þetta eðlileg færsla miðað við þau viðskipti?
- TJ. Já. Miðað við?
- AJ. Miðað við viðskiptin?
- TJ. Þú varst að spyrja hvort að það sé eðlilegt að færa þetta til lækkunar hérna þessar 108 milljónir?
- AJ. Já?
- TJ. Já, til lækkunar á kostnaði seldar vara. Já, mér finnst það.
- AJ. Nú skulum við fara í færsluskja I 00751. Þetta er hérna úr bókhaldi Baugs og varðar leiðréttingu á færslu I 00743.
- Sveinn Ingiberg: Þetta hefur verið fært inn á 30. október 2001.
- TJ. Er þetta ekki bara viðsnúningurinn, er það ekki annars?
- AJ. Ja, hvað sýnist þér?
- TJ. "Tekjur, leiðrétt lokafærsla."
- AJ. Já.
- TJ. Ég hef ekki séð þetta áður, en ég mundi halda að þetta hafi þá eins og maður sá áðan að þar hefur þetta verið fært debet í staðinn fyrir kredit og hérna sé bara verið að snúa færslunni við mundi ég halda. Ég get ekki séð betur.
- AJ. Að færa hana eins og það átti að færa hana?
- TJ. Já.
- AJ. Þú kannast ekkert við þessa?
- TJ. Ég hef ekki séð þetta áður.
- AJ. Nei.

Sveinn Ingiberg: En þú vissir þá ekki af þessari rangfærslu þá upphaflega?

TJ. Nei, enda... Það er nefnilega þannig með bókhald að debet þarf að stemma við kredit og ef eitthvað er fært debet sem átti að færa kredit, þá fer allt í klessu.

AJ. Þá skulum við skoða fylgiskjal I 00838 úr bókhaldi Baugs. Það er dagsett 31.12.2001, færslan virðist hafa verið bókuð í bókhaldskerfi Baugs 11. apríl 2002 og það stendur þarna "bakfærður kreditreikningur frá SMS samkvæmt TJ/JÁJ (upphæð reiknings var hærri.) Leiðréttur mismunur í janúar 2002." Þetta eru 60 milljónir.

Sveinn Ingiberg: Þetta byggir á lokafærsluskjali frá endurskoðendum við tólf mánaða uppgjör

TJ. Hvað sagðirðu "upphaflegur mismunur." Hvað sagðirðu?

SI. Þetta er liður 1 á lokafærsluskjali...

TJ. "Upphaflegur reikningur var hærri, leiðréttur mismunur í janúar 2002."

AJ. Já.

TJ. Já.

AJ. Hvaða upphaflega reikning er verið að tala um þarna?

TJ. Ég veit það ekki. Upphaflegi reikningur SMS var lægri. Ég gæti trúað því að hann sé að tala um þarna um þetta af því að ég var að tala um við hann hvort við ættum að taka þá báða til baka og hann ætlaði að fara... Ég man ekki hvernig það var, en hann ætlaði að fara yfir það með Jóni Ásgeiri og síðan ekki náð því í gegn eða þá að hann hafi ætlað að taka viðbótar niðurfærslu á árinu 2002. Ég hef ekki séð þetta áður. Þetta er bara einhver "comment" frá þeim.

Sveinn Ingiberg: Nú er vitnað í þig þarna TJ.

TJ. Já, já. Ég skal vitna einhvern tímann í þig einhvers staðar.

SI. Já, já.

TJ. Ég meina bakfærður kreditreikningur frá SMS er klárlega samkvæmt minni beiðni, það er alveg klárt. Það er ekkert óeðlilegt við það að það standi þar.

AJ. Það er samkvæmt þinni beiðni. Baðst þú um að hann yrði bakfærður?

TJ. Ég ræddi um þetta við Stefán og sagði honum þegar þetta liggur fyrir að það verði ekki af þessu, að það þyrfti að taka þetta til baka, það hefði ekki orðið af þessu. Þess vegna fer þetta til baka.

- AJ. Þannig að Stefán bakfærir reikninginn af því að þú óskar eftir því og tilkynnir honum að þessi viðskipti séu ekki lengur fyrir hendi.
- TJ. Við erum að tala sama...
- AJ. Að viðskipti séu ekki lengur fyrir hendi eða hvað?
- TJ. Við erum að tala saman um uppgjörið eða einhvern tímann þarna á haustmánuðum eða um áramótin og þá segi ég kannski... við erum bara að tala saman, það var ekki sérstakur fundur og hér með legg ég fram beiðni, heldur frekar kannski "heyrðu við verðum að muna eftir því að taka SMS reikninginn til baka því að það varð ekkert af þessu." Eitthvað frekar í þeim dúr. Þetta er bara eins og gerist.
- AJ. En hvernig getur staðið á því að það er vitnað í einhvern hærri reikning. Ef við mundum setja í staðinn fyrir SMS, Nordica, þá mundi það alveg stemma við textann í færsluskjalinu.
- TJ. Já, já, það hefði þá bara ekki stemmt við veruleikann. Það er hins vegar hinn endinn á málinu.
- AJ. Er það alveg öruggt mál?
- TJ. Það er algjörlega 100% mál.
- AJ. Að það hafi ekki staðið til að bakfæra Nordica reikninginn?
- TJ. Ég hafði áhuga á því sjálfur, en það var algjörlega klárt mál að þarna var verið að bakfæra SMS reikninginn. Algjörlega klárt mál vegna þess að það lá þarna fyrir um haustið að það varð ekkert af þessum viðskiptum.
- AJ. Þegar þú nefndir við hann áhuga þinn á að bakfæra Nordica reikninginn.
- TJ. Já.
- AJ. Getur verið að hann hafi misskilið hann einhvern veginn, endurskoðandinn?
- TJ. Nei, ég mundi nú ekki halda það. Þá hefði hann ekki farið að tala um það við Jón Ásgeir.
- AJ. Að?
- TJ. Þegar við erum að tala saman um þetta, þá er ég með efasemdir um greiðslugetu Jóns Geralds og spyr hann hvort það eigi ekki að, eða legg það til hvort að við eigum ekki að bakfæra þann reikning líka af því að sá reikningur, hann er til orðinn hjá Jóni Ásgeiri, þá talar hann um það. Jón Ásgeir er úti eina mínútuna og svo er ég farinn út næstu mínútuna, þannig bara því miður var það. Við náðum ekki alltaf mikið saman og hann síðan segir mér löngu seinna

frá því að hann hafi talað um þetta við Jón Ásgeir og hann hafi ekki viljað bakfæra reikninginn heldur færa hann sem kröfu.

AJ. Er hægt að færa inn svona texta í færsluskjali og breyta því í kerfinu?

TJ. Þetta hérna?

AJ. Nei, inn í bókhaldskerfið sjálf?

TJ. Þú verður að spyrja tölvumann að því.

AJ. Þú veist það ekki?

TJ. Nei, ég hef aldrei fært neina færslu í þessu kerfi og raunar aldrei flett upp í því nema kannski árið 1998. Ég kalla bara eftir upplýsingum ef mig vantaði einhverjar. Ég efast um að ég hafi átt meira að segja aðgang að því eða einhverjir aðrir, ég bara þekki það ekki.

Sveinn Ingiberg: En nú kannast Jón Gerald ekkert við það að hafa átt neinar samningaviðræður við Jón Ásgeir varðandi þennan kreditreikning.

TJ. Nei.

SI. Hann segir að þetta verði til þannig að þú hringir í hann að morgni dags, það var morgun úti í Miami þegar hringt er og hann á leiðinni í vinnuna og bráðlegið á einhverjum reikningi sem hann vissi ekkert um og hann bruni í vinnuna og eigi þessi tölvupóstskipti við þig sem við erum búnir að fara í gegnum varðandi það þegar reikningurinn verður til og svo síðan sendir í faxinu og það sé ekkert á bak við þetta, ekki neitt og hann ekkert rætt þetta við Jón Ásgeir, þetta hafi verið bara að beiðni þinni sem hann gerir þetta í einhverri greiðasemi að gefa út tilhæfulausan reikning.

TJ. Já, já, ég get reynt að giska á af hverju hann segi þetta ef það er einhver þægð í því. Ég veit ekki af hverju hann segir þetta, en ég gæti giskað á það af því að hann vildi gjarnan... Fyrst hélt hann að þetta væri nú debetreikningur, fyrir það fyrsta og við höfum stolið því og síðan náttúrulega vill hann ekki kannast mundi ég halda, ekki viljað kannast við kreditreikninginn og þurfa að standa frammi fyrir því einhvern tímann að þurfa að borga hann. Jón er góður sölu- maður, hann á mjög auðvelt með að fá fólk til þess að trúá sér. Hann hefur náð frábærum árangri á mörgum sviðum, ég hugsa að það séu ekki margir sem hefðu náð viðskiptum við Wall-Mart til dæmis nema að maðurinn geti selt það sem hann trúir sjálfur. Mér heyrir það að hann hafi getað selt mjög víðar sínar hugmyndir.

AJ. Um hvaða Jón ertu að tala?





- TJ. Jón Gerald Sullenberger.
- AJ. Þannig að við fáum engan botn í þetta og hér eru enn ein mistökin. Þetta er svona röð af mistökum...
- TJ. Enn ein mistök... Heyrðu þú ert að tala um fyrirtæki sem er að velt mill-jörðum, auðvitað verða mistök.
- AJ. Við erum bara að tala um ákveðnar reglur sem gilda um færslu bókhalds líka. Það hafa verið í gegnum þetta mál okkar hér mistök á færslum og mistök á skjölum, rangar dagsetningar og röng tímabil. Framburðir eru meira og minna í kross. Menn halda fram sitthvorum hlutum.
- TJ. Já, já, það kann vel að vera að ef þú ert að keyra einhvers staðar í óbyggðum og þú byrjar að taka eina vitlausa beygju að þú lendir í mörgum vitlausum beygjum eftir það til að reyna að finna réttu leiðina. En það kann vel að vera að út af því hvernig textinn var hérna í upphafi að þetta hafi ruglað ykkur í færslum á bókhaldi og þess vegna hafi ein mistökin leitt af öðru. Ég skil hins vegar ekki í ljósi þess hvernig fylgiskjalið er hérna frá KPMG, þá skil ég ekki af hverju þetta er gjaldfært þarna í bókhaldinu. Það er bara, það er svo hrein og... það er bara innsláttarfeill...
- AJ. Það er náttúrulega bara upplýst að það er bara feill. En það virðist vera bara í öllu ferlinu einhver svona vitleysa í gangi með þetta mál.
- TJ. Já, það kann að vera svoleiðis fyrir sumum.
- AJ. Varðandi... Við erum búnir að fara í gegnum nokkur dæmi og greina þér frá því að það eru bæði inn á heimasvæðinu þínu í tölvukerfi Baugs og fleiri náttúrulega, Jóns Ásgeirs...
- TJ. Hérna sé ég bara eitt. Ef við værum að hugsa um afkomu, þá hefðum við getað til dæmis gjaldfært hluti ábyrgðar vegna RC 50 milljónir. Þessar tölur eru bara svo stórar sem eru þarna á ferðinni... Fyrirgefðu ég ætlaði ekki að trufla. Við hefðum getað frestað þeirri gjaldfærslu til dæmis.
- AJ. Við erum búnir að fara í gegnum að ykkur var fullkunnugt og ljóst um hver staða félagsins var, ekki satt, Nordica?
- TJ. Hmm.
- AJ. Og sömuleiðis viðskiptastaðan á milli Baugs og undirfyrirtækja Baugs við Nordica.
- TJ. Já.

AJ. Í ágúst 2002, þá fara greinilega fram nokkrar umræður um stöðuna vegna reikninga eða viðskipta Nordica við Flemmings í Bandaríkjunum og Wall-Mart. 16. ágúst, þá sendir Jóhann Waagfjörð fjármálastjóri á þig póst og segir: "Ég minni á að Jón Gerald skuldar okkur hlutabréfakaup frá desember 1999. Þessi bréf eru á hans nafni og samkvæmt Þórði Bogasyni, þá mun það verða erfitt að ná þessu af honum án þess að fara í mál við Jón Gerald, þá er ekkert öruggt í þeim málum. Skuldin er 4.350.000, en með 12% dráttarvöxtum til 1. okt. 02, er þetta um 5.700.000 króna." Getum við ekki skuldajafnað þetta við þessar 52.000 dollara, sem er sirka 4,5 milljónir" eins og hér stendur "og sent honum formlegt bréf um þessar aðgerðir." Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga, hann sendir ykkur, þið eruð að tala saman um þetta, hann sendir ykkur og fær greinilega þennan póst líka, sendir ykkur svarpóst sama dag þenna 16.8. og segir: "Sæl verið þið, þessi 52.000 dollarar verða skuldajafnaðir við 86.000 dollara sem við eigum inni hjá honum, þannig er ekki til neins að vera að draga hlutabréfakaup inn í þetta mál eða hvað?" Síðan sendir hann til Jóns Gerald sama dag: "Kæri Jón ég vil..."

TJ. Hvaða dagur er það segirðu?

AJ. Það er sami dagur, 16. ágúst 2002. "Kæri Jón, ég vil ítreka samkvæmt neðangreindu að Aðföng er búid að greiða reikningana til Flemmings. Með því værum við að greiða einnig þessa 52.000 dollara, þá værum við að tvígreiða vöruna. Við lítum svo á að í raun skuldi Nordica Aðföngum sirka 34.000 dollara. Kær kveðja Lárus." Í framhaldi af þessu þá ertu í samskiptum við bandarískan lögmann, Paul Lester, og sendir honum beiðni um að taka að sér að innheimta kröfu á hendur Nordica og átt við hann tölvupóstsamskipti sem við fórum í gegnum þar sem að þú greinir honum frá því að staða félagsins séu þarna 36.000 dollarar í mínus og óskar eftir því að það innheimtumál verði keyrt af stað í Bandaríkjunum. Þú segir þarna í pósti 19. ágúst til hans á ensku: "On the contrary we have paid him a nett of around \$ 36.000 more than we owe him. This we want to sue him over if he doesn't pay it of free will (which I doubt)" Og í sama pósti til... Í sama pósti til sama Paul Lester 23. ágúst, þá eruð þið að tala um sömu kröfur og þú ert að senda honum nánar upplýsingar. Þú segir: "I think that next step should be that I call you and tell you the story and what we are trying to achieve. I know the

amount is not high, but can have a significant impact on the company in the media, nevertheless." Og síðan er þetta innheimtumál sett á stað.

Ld/

TJ. Hver er staðan á því máli í dag, veistu það?

AJ. Nei, ég er bara ekki viss. Hver er ástæðan fyrir því að þetta er tekið svona og það er aldrei minnst á einhverjar kröfur sem að er hangandi yfir honum varðandi eða út frá þessum kreditreikning?

TJ. Af því að þetta mál snýr bara að Aðföngum. Það snýr að því að það er verið að krefja okkur um bankaábyrgð þarna úti sem að Aðföng hafði verið í gagnvart Flemmings og það var bara verið að svara því akkúrat tiltekna máli og þess vegna fer hann í þetta mál hann Paul Lester þegar ég tala um það við hann. Ég veit að vísu ekki hvað var framhaldið á því, ég bara þekki það ekki.

AJ. En kom aldrei til tals eða til greina að innheimta þá þetta í ágúst 2002 og alveg frameftir ágústmánuði 2002?

TJ. Síðan átti að setja kreditreikninginn í sér innheimtu og það held ég að hafi verið gert. Mér hefur verið sagt það.

AJ. Þú hefur ekkert fylgst með því?

TJ. Nei, ég starfa ekki þarna.

AJ. Kom aldrei til greina að þú upplýstir hann um heildarstöðuna og honum yrði þá stefnt þá til greiðslu á heildarskuldum...

TJ. Paul Lester...

AJ. Þar með talið þessum kreditreikningi?

TJ. Jú, það er væntanlega það sem ég hef ætlað að tala um við hann í símann. Hringja í hann og fara í gegnum heildarmyndina.

AJ. En varð aldrei af því?

TJ. Ég held að það hafi ekki orðið af því. Ég var mikið úti, þetta er svona í kringum 20. ágúst og þá vorum við með aðalfund í Bandaríkjunum hjá ameríska fyrirtækinu, þannig að ég var úti þarna um viku skeið og kem til baka sjálfsagt bara rétt þarna 25./26. ágúst eitthvað svoleiði.

L5

Sveinn Ingiberg: Hvað ertu að fara þarna. Þú segir reyndar í seinni póstinum, 23.8. þú segir að þetta séu ekki háar fjárhæðir en geti haft mikil áhrif á fyrirtækið í fjölmiðlum.

TJ. Má ég sjá þetta?

SI. Þetta er náttúrulega bara klippt úr úr póstinum.

TJ. Ég átta mig ekki á því, er ég að tala um hans company eða okkar company, þá kannski sé ég út úr heildarmyndinni.

AJ. Hérna er þessi póstur 19. sem við vorum að vitna í og hér er pósturinn 23. sem við vorum að vitna í. Þetta eru samtöl sem er klippt út úr.

TJ. Já, já, "impact on the company in [a] media." Þá er ég að <sup>refera</sup> ~~rita~~ "hérna" í það að hann sé að fara að stefna okkur hér á Íslandi sem við vorum búnir að heyra af og það er það sem getur haft "impact on the company in a media in Iceland." á Baug "as we now know." (the)  
✓

AJ. Yfirheyrslu lýkur klukkan 17:25.

28.02.2003:

Kl. 14<sup>10</sup> til kl. 15<sup>45</sup> les íruggri undurnitit yfir og gnis nekkra leit ríttimya á texta. Met honum en lögmenninn jón ljúttson. holl. og Andri Árnason, holl.

Yfirleit og stutfest

sef efbis haft:

Yvanni Jónsson

Vit staddis

F. Jónsson holl.  
Ólafur Jónsson holl.

Vit staddis undir tv.

Arnor Jónsson